

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MARS 2009

3. tbl. 16. árg.



**S. 581 15 15**  
3 staðir 1 símanúmer  
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



**Slökkvitækja-  
þjónustan**  
☎ 564 1433  
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur  
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Þórdís Lilja Gísladóttir frá íþróttafraeðasviði HR, Guðrún Jónsdóttir, deildarstjóri Félagsstarfsins Gerðubergi og Ögmundur Jónasson, heilbrigðisráðherra.  
Mynd: ÁHG.

## Verknám íþróttafraeðinga í Breiðholt

Gengið hefur verið frá samkomulagi á milli íþróttafraeðisviðs Háskólans í Reykjavík og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Þórdís Lilja Gísladóttir, sviðsstjóri hjá HR og Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar undirrituðu samkomulagið 11. febrúar sl. en það var gert í tengslum við menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti.

Markmiðið með samkomulagi

inu er að styrkja verknám verðandi íþróttafraeðinga, auka þekkingu þeirra sem starfa með eldri borgurum á líðan, heilsufari og þörfum þeirra ásamt því að efla samstarf ólíkra stofnana samfélagsins. Árlega mun Þjónustumiðstöð Breiðholts taka á móti hluta nemenda íþróttafraeðisviðs Háskólans í Reykjavík til verklegrar þjálfunar í íþróttum og hreyfingu fyrir eldri borgara sem unníð verður í félagsmiðstöðvunum

í Árskógum og Gerðubergi eftir nánara samkomulagi. Ögmundur Jónasson, heilbrigðisráðherra ávarpaði þátttakendur og Sigurður Guðmundsson, fyrrum skólustjóri og íþróttafrómuður fjallað síðan um gildi hreyfingar fyrir eldri borgara. Hann stjórnaði einnig hreyfidagskrá með söngívafi fyrir eldri borgara sem mæltist vel fyrir en Sigurður er einnig kunnur fyrir tónlistarflutning

Lyfjaval

APÓTEK  
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK  
HÆÐASMÁRA 4  
opið 10-23 alla daga



**Big  
papas  
pizza**  
Mjódd  
800-9999  
Opið  
11 - 22  
bigpapas.is  
Fullt af tilboðum  
Besta verðið  
Frábærar pissur  
100% Ísl. ostur

- bls. 4-5  
Viðtal við  
Séra Bolla Pétur  
Bollason

- bls. 10  
Bernskuminningar  
Magnúsar K.

Apótekið í Hólagarði er opið:  
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

Apótekið  
læggra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

## Lambakjöt á góðu verði

Læri kr. 1098.-  
Hryggur kr. 1298.-  
Súpukjöt kr. 598.-

Kindagúllas kr. 1198.-  
Kindasnitsel kr. 1298.-  
Kindainnanlæri kr. 1598.-

Pepsi max 2l. aðeins kr 98.-



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Eina kjötbordíð  
í Breiðholti

gæði  
úrval  
þjónusta

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

3. tbl. 16. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti



## Erfið verkefni

Þrófjörðsbarátta, forval og uppstillingar fyrir framboð til væntanlegra alþingiskosninga eru að hefjast. Framboð og þingkosningar ber að þessu sinni að við óvenjulegar aðstæður. Samstarf tveggja stærstu stjórnmalaflokkanna um ríkisstjórn hefur rofnað á miðju kjörtímabili og nú situr tímabundin minnihlutastjórn er mynduð var með tilstuðlan þriðja stjórnmalaflokksins eftir stjórnarofið. Ástæður þessara óvenjulegu aðstæðna í stjórnmalum má að öllu leyti rekja til þeirra einstæðu atburða er urðu á haustnóttum þegar banka- og fjármálakerfi þjóðarinnar hrundi til grunna á nær einni nóttu.

Ástæður hrunsins hafa ekki enn verið krufðar til mergjar en ljóst er að alþjóðleg fjármálakreppa átti þar mikinn hlut að máli. Flestir eru þó sammála um að hinar alþjóðlegu aðstæður hafi aðeins ráðið tíma- setningum hrunsins en ekki úrslitum um framtíð hins íslenska fjármálakerfið. Á undanföllum árum virðist hafa verið farið mjög geyst fram í fjármálum eftir að opnað var fyrir frjálst fjárfæði á milli landa með EES samningnum og á sama tíma var mjög greiður aðgangur að fjármagni á alþjóðlegum mörkuðum. Íslenska bankakerfið var þanið út með miklum lántökum langt umfram það sem íslenskt þjóðarþú þoldi ætti það að geta tekið einhverja ábyrgð á þeim fjármunum sem hingað flæddu. Margar spurningar hafa vaknað um hvernig þetta átti sér stað og hverjir báru meginábyrgðina. Fæstum þeirra hefur aftur á móti verið svarað nú í aðdraganda þrófjörðs og kosninga.

Því fólki sem nú gefur kost á sér til starfa í stjórnmalum býður því mikið verkefni. Hluti þess er að grafast fyrir um hvað gerðist. Hvers vegna fjármálakerfið var byggt á sandi og hvers vegna íslenska þjóðin þarf nú að taka á sig himinháar langtímaskuldir vegna takmarkalausrar óráðsú þess fólks sem þar fór með forráð. Þjóðin – hið venjulega fólk, kjósendur stjórnmalamanna krefst þess að upplýst verði hvað gerðist og hverjir bera þar hina raunverulegu og endanlegu ábyrgð.

Hitt risaverkefni þess fólks sem veljast mun til starfa í stjórnmalum í væntanlegum kosningum er að hefja og stýra því uppbyggingarstarfi sem óhjákvæmilega þarf að fara fram og hefjast þegar í stað. Hluti þess er að byggja á ný það traust sem þjóðin hefur glatað vegna taumlausrar óráðsú þeirra manna sem fóru fyrir tilteknum hluta viðskiptalífsins gagnvart útlöndum. Það verkefni verður ekki auðvelt og hefst ekki án þess að sýna gætni en festu að ógleymdir kurteisi í allri framkomu gagnvart öðrum. Hitt verkefnið verður heldur ekki auðvelt en það er að bjarga fólkinu í landinu frá frekari skaða en orðin er og gefa því kost á að starfa, fjárfesta og kaupa neysluförur því án þess fara hjól efna- hagslífsins ekki aftur af stað. Stjórnmalapátttaka og stjórnmalastarf hér á landi verður engin leikur á næstu árum og mikilvægt að það fólk sem til þeirra velst hvar í flokki sem það stendur nái að vinna af skynsemi og heiðarleika með endurreisn Íslands að leiðarljósi.

## Engum til gagns

Heitar umræður hafa farið fram í Netheimum að undanförunum. Netid er öflugur miðill þar sem auðvelt er að koma sjónarmiðum á framfæri með miklum hraða. Misbrestur er þó mikill á hvernig fólk nýtir sér þennan upplýsinga- og samskiptamiðil. Alltof mikið ber á fúkyrðlaumi fólks sem hefur ekki kjark til þess að koma fram undir nafni og virðist engan annan tilgang hafa en þann að meiða, særa, skemma og eyðileggja. Skrif af þessum toga eru daglegt brauð. Þau eru tæpast þeim miðlum til framdráttar eða virðingar sem leggja sig niður við að birta þau. Skítkast af þessu tagi er engum til gagns þótt það kunni að friða brotnar sálir höfunda þess um stundarsakir.

# S T U T T A R

## B O R G A R F R É T T I R

### Löggæsla í borgarhverfunum

Fyrirbyggjandi lögreglustörf verða áfram unnin í Breiðholti og í öðrum hverfum Reykjavíkur. Löggæslan mun tengjast þjónustumiðstöðvunum samkvæmt hugmyndum sem Stefán Eiríksson, lögreglustjóri og Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn kynntu borgarráði fyrir skömmu. Mikil óvissa hefur verið um framtíð hverfalöggæslu í Reykjavík að undanförunum eftir að hugmyndir voru kynntar um að sinna hverfum borgarinnar frá lögreglustöðvum í Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi og samkvæmt því yrði Breiðholti sinnt frá Kópavogi. Í samtölum við borgarráðsmenn lögðu þeir áherslu á að við útfærslu tillagnanna yrði þess gætt að viðhalda viðveru og þjónustu lögreglunnar í þjónustumiðstöðvum borgarinnar en það atriði hefur valdið mestum áhyggjum, einkum í úthverfum borgarinnar. Í bókun borgarráðs að loknum fundi með þeim Stefáni og Geir Jóni er lögð áhersla á mikilvægi þess að auka og efla sýnilega löggæslu í hverfum borgarinnar. Sérstaklega er fagnað hugmyndum lögreglunnar að við útfærsluna verði tryggt að hverfislöggæsla verði með fast aðsetur í þjónustumiðstöðvum og þannig að áfram sé tryggt að það árangursríka og þverfaglega samstarf sem þar hefur þróast verði fest í sessi. Í bókun borgarráðs er sérstaklega óskað eftir því að náði samráð verði haft við íbúa, íbúasamtök, hverfaráð og starfsfólk þjónustumiðstöðva við frekari útfærslu hugmyndanna og tillögur um breytt skipulag verði lagðar fyrir borgarráð um leið og þær liggja fyrir þannig að borgarráð geti tekið afstöðu til þeirra.

### Fjöldmennur stýrihópurinn vinnur að sóknaráætlun

Alls hafa um 50 manns komið að vinnu við sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem nú er komin vel af stað. Að verkefninu vinna borgarfulltrúar, stjórnendur Reykjavíkurborgar og stýrihópurinn að sóknaráætlun hafa unnið að því að leggja upp sýn um hvernig umhofs gæti orðið í Reykjavík árið 2020. Notast er við svokallaða Sviðsmyndaaðferð sem byggist á því að finna mikilvægustu óvissuþættina í starfs- og rekstrarumhverfi borgarinnar og skoða hvernig framtíðin gæti litið út ef nokkrir þessara þátta þróast samtímis mjög langt í mismunandi áttir. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri hefur fagnað því að vinna við sóknaráætlun borgarinnar sé komin á fullan skrið. Hún segir að undirbúnaður þurfi jarðveginn til þess að búa í hagnin fyrir Reykjavíkurborg og borgarbúa til framtíðar. Stýrihópurinn um sóknaráætlun er skipaður fulltrúum háskólanna í borginni, fyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins, menningarlífs og fleirum og veitir Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri Menningar- og ferðamála- sviðs hópnum forystu.

### Nagladekk á undanhaldi

Nagladekkinn virðast enn vera á undanhaldi í Reykjavík því í byrjun febrúar voru aðeins um 40% bíla á negldum hjólbörðum og hafa aldrei verið færri á þessum árstíma. Framkvæmda- og eignasvið borgarinnar hefur látið telja reglulega undanfarin ár og má

merkja verulega breytingu síðustu ár. Nagladekk eru á undanhaldi og er það verulega ánægjuleg þróun. Fyrir tveimur árum voru um 50% bíla á negldum hjólbörðum og fyrir fjórum árum voru þeir um 60%. Nagladekk auka verulega slit á malbiki og valda með því heilsuspillandi svifryksmengun sem þarf að bregðast við með aukinni hreinsun gatna. Þá er talið að draga megi úr endurmalbikun gatna sem nemur 10.000 tonnum árlega, ef notkun nagladekkja dregst verulega saman eða leggst af.

### Hlutverkasetur til stuðnings fólki í atvinnuleit

Hlutverkasetur hefur tekið til starfa og er með opið hús og kynningar á föstudögum milli 13 og 14. Hlutverkasetur er einkum ætlað fólki sem misst hefur vinnu sína en þangað eru allir velkominir, bæði vinir og vandamenn fólks í atvinnuleyti og aðrir sem hafa áhuga á atvinnulegri endurhæfingu. Auk þess er nú sérstakt átak fyrir þá sem misst hafa vinnu sína að undanförunum og eiga erfitt með halda ramma og viðhalda virkni í lífi sínu af þeim sökum. Hlutverkasetur óskar eftir sjálfböðaliðum og raunar öllu því fólki sem vill leggja eitt-hvað að mörkum, láta gott af sér leiða og deila af þekkingu sinni og styrkleikum. Í frétt frá setrinu eru allir sem misst hafa vinnuna eða önnur mikilvæg hlutverk hvattir til þess að koma í Hlutverkasetur og taka þátt í að byggja upp jákvætt umhverfi, koma reglu á lífið, og kynna fólki í svipuðum aðstæðum. Þar segir einnig að starfsfólk Hlutverkaseturs veiti hvatningu og stuðning, í gegnum samveru, samskipti og sameiginleg verkefni til að aðlagast breyttum aðstæðum. Í Hlutverkasetrinu starfa iðjuþjálfar ásamt ýmsum einstaklingum sem hafa mikla lífsreynslu og svo sjálfböðaliðar í mannrækt.

### Áfram unnið við tónlistar- og ráðstefnuhúsið

Ákveðið hefur verið að halda áfram byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins við Austurhöfnina í Reykjavík en framkvæmdir við það stöðvuðust í kjölfar bankahrunsins. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra undirrituðu viljayfirlýsingu um framkvæmdir fyrir skömmu en Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið hafa sammælt um mikilvægi þess að framkvæmdum við húsið verði fram haldið. Það er félagið Austurhöfn-TR ehf., í eigu ríkis og borgar sem tekur verkefnið yfir og miðast allar áætlanir við að ekki þurfi að koma til aukin framlög ríkis og borgar frá því sem ákveðið var á árinu 2004 þegar

framkvæmdir og rekstur tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar voru boðin út.

### Metaðsókn á vetrarhátíð

Metaðsókn var að Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar sem fram fór dagana 13. til 14. febrúar sl. Þetta kemur fram í yfirliti um framkvæmd hátíðarinnar sem lagt var fram á fundi borgarráðs í dag. Í sameiginlegri bókun borgarráðsmanna segir að vetrarhátíð í Reykjavík, sem var haldin í áttunda skipti hafi heppnast einstaklega vel. Aðsókn var betri en nokkru sinni fyrr og fór fram úr björtustu vonum. Hátt á þriðja þúsund gesta heimsóttu Listasafn Reykjavíkur og má áætla að allt að 10.000 manns hafi notið þeirrar fjölbreyttu dagskrár sem boðið var upp á á Safnanóttinni. Borgarráð fagnar því hversu vel tókst til við framkvæmd hátíðarinnar og þakkar starfsfólki og þeim fjölmörgu borgarbúum sem lögðu hátíðinni lið.

### Ísland á meðal 10 áhugaverðustu staða

Ísland er á meðal tíu áhugaverðustu áfangastaða í heimi að mati American Express greiðslukortafyrirtækisins að því er fram kemur á fréttavefnum pr.com. Greiðslukortafyrirtækið leggur mikla áherslu á þjónustu við ferðamenn og rekur enn fremur víðamikla ferðaþjónustu. Í könnun sem gerð var meðal American Express greiðslukortahafa sýndi að 87% þeirra völdu áfangastaði í fríum með tilliti til áhugamála sinna. Það var íslenska tónlistin sem gerði útslagið við valið á Íslandi sem áfangastað. Þetta kemur fram á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs segir þetta vera sérstaklega ánægjuleg tíðindi. Ekki sé ónýtt að Ísland sé komið á topp 10 listann hjá notendum American Express og ekki sé síður ánægjulegt fyrir Reykjavínga að sjá hvað tónlistin hafi mikið aðdráttarafl.



### Vilt þú bæta rekstur húsfélagsins?

Hér er lausnin: [www.blokkir.is](http://www.blokkir.is)

- Innheimtu- og gjaldkerabjónusta
- Samskipti við banka
- Bókhald og ársreikningar
- Rekstraráætlanir
- Ráðgjöf vegna framkvæmda
- Umsjón frá óháðum aðila



[www.blokkir.is](http://www.blokkir.is)

Sími: 534 7079 - 823 7079

húsfélagabjónusta

[blokkir@blokkir.is](mailto:blokkir@blokkir.is)



Á menningardögum eldri borgara í Breiðholti komu börnin í vinargerði færandi hendi í Félagsstarfið í Gerðubergi með teppi sem þau höfðu unnið sjálf. Af því tilefni tók Sigurborg Skúladóttir fyrir hönd eldri borgara á móti gjöfinni, með henni á myndinni eru f.v. Samantha Ósk Skúladóttir, Magnús Örvarsson og Una Baldursdóttir. T. h. er Galina Zlatkova kennari og Guðrún Þórsdóttir skólastj. Vinnuskóla Reykjavíkur.

## Fjölmenni á menningarhátíð

Fjölmenni tók þátt í menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti sem stóð yfir dagana 11. til 15. febrúar sl. Hátíðin samanstóð af mörgum viðburðum og hefur aldrei verið eins fjölbreytt og nú.

Venja er að bjóða fulltrúum einhvers bæjarfélags að vera með innlegg í menningarhátíðina og að þessu sinni mættu fulltrúar Vestmannaeyja með Stefán Runólfsson, athafna- og félagsmálamaðmann í fararbroddi. Hápunktur menningarhátíðarinnar var eins og áður samkoma Breiðhyllinga í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar þar sem flutt

var fjölbreytt dagskrá.

Heilsueflingarátak fyrir eldri borgara í Breiðholti hófst samhliða menningarhátíðinni í umsjón Sigurðar Guðmundsonar, fyrrum skóalstjóra á Leirá og íþróttafrómuðar. Verkefnið kynslóðirnar saman í Breiðholti var áberandi á menningarhátíðinni. Guðrún Þórsdóttir, skóalstjóri vinnuskóla Reykjavíkur fræddi fólk um verkefnið og það þróunarstarf á liðnum árum sem liggur að baki þess. Þá má geta þess að opnuð var sýning á verkum barna í leikskólanum Vinargerði en þau hafa þá sérstöðu að læra að leika

og syngja á táknaði. Félag heyrn- arlausra hefur haft aðstöðu hjá félagsstarfinu í Gerðubergi og nú hefur verið gengið frá sérstökum samstarfssamningi á milli félagsstarfsins og Vinargerðis.

STERKA KONU  
Í FORYSTU!



ÓLÖF 2.-3.  
NORDAL SÆTI

[www.olofnordal.is](http://www.olofnordal.is)

Kjósum Ólöfu Nordal í 2.-3. sæti  
í prófkjöri sjálfstæðismanna 13.-14. mars 2009

Verið velkomin á kosningaskrifstofu mína að Laugavegi 178, 4. hæð.  
Sími 840-6464 - Opið frá 14-21.

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)

[borgarblod@simnet.is](mailto:borgarblod@simnet.is)



**Hringsjá**

Náms- og starfsendurhæfing



### Er kominn tími til að gera eitthvað?

Hringsjá veitir náms- og starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa orðið fyrir slysum, veikindum, atvinnuleysi eða öðrum áföllum. Námið hentar einnig þeim sem hafa litla grunnmenntun. **Markmið nemenda er að halda áfram í námi og/eða að fara út á vinnumarkaðinn.**

#### Fullt nám

Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2009 er til **15. apríl 2009.**

Fullt nám er 3 annir og er inntaka tvisvar á ári.

Kennd eru ýmis fög sem veita:

- undirbúningur fyrir atvinnu og frekara nám
- einingar í almennum framhaldsskólum
- aukna persónulega færni

Veitt er náms- og starfsráðgjöf, félagsleg ráðgjöf og sálfræðilegur stuðningur. Greiningar vegna lestrarerfiðleika. Tilhlíðrun og stuðningur vegna námserfiðleika, prófkvíða, ADHD og annarra persónulegra þátta. Markviss undirbúningur fyrir atvinnuleit eða skipulagningu áframhaldandi náms.

Kennt er í litlum hópum, námið er einstaklingsmiðað og áhersla lögð á þægilegt náms- og starfsumhverfi.

Kennslan hefst kl 8:45 alla daga og lýkur kl. 14:00 nema á föstudögum lýkur kennslu kl. 12:00.

#### Námskeið

Inntaka fer fram allt skólaárið

- **Minnistækni**
- **Sjálfsstyrking** til að efla sjálfsmynd, sjálfsöryggi og almenna vellíðan (**nýtt!**)
- **Einstaklingsnámskeið vegna lesblindu** eða sértækra námserfiðleika
- **Grunnnámskeið** í tölvunotkun
- **Excel námskeið**
- **Bókhaldsnámskeið**

Hvert námskeið er alls 20 klst. og kennt er tvo seinniparta í viku, oftast frá kl. 14:30-16:30.

Frekari upplýsingar veita **Helga Eysteinsdóttir**, náms- og starfsráðgjafi [helga@hringsja.is](mailto:helga@hringsja.is) og **Linda Skúladóttir**, forstöðumaður, [rlinda@hringsja.is](mailto:rlinda@hringsja.is)

Einnig má fá upplýsingar svo og umsóknareyðublað á vef Hringsjár, [www.hringsja.is](http://www.hringsja.is).

HRINGSJÁ, Hátúni 10d, Reykjavík. s: 552-9380/562-2840, [www.hringsja.is](http://www.hringsja.is)



4

SÆTI

GRÉTA INGÞÓRSDÓTTIR

[www.prof.kjor.is/greta](http://www.prof.kjor.is/greta)

## NÝ RÖDD MEÐ REYNSLU

Kjósum Grétu Ingþórsdóttur í 4. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík 13.-14. mars nk. Verið velkomin á kosningaskrifstofuna, Dugguvogi 23. Sími 862 0063. Opið kl. 14-21.

Stuðningsmenn.

# VIÐTALIÐ

**B**olli Pétur Bollason, prestur í Seljaprestakalli er að yfirgefa Breiðholtið eftir nær sjö ára prestsstarf og störf að æskulýðsmálum um tíma. Hann segir árin í Seljakirkju hafa verið afar góð og eftirsjá í að hverfa frá svo ánægjulegu starfi og umhverfi. Það sem togaði hann burt úr borgarskarkalanum var að Laufásprestakall í Eyjafirði var laust. Bolli Pétur er alinn upp í Laufási þar sem faðir hans Bolli Gústafsson, var prestur en síðar vígslubiskup á Hólum.

Hann segir Laufás því hafa togað mjög sterkt í sig. “Ég ólst upp í góðri fjölskyldu, stórum systkinahóp þar sem blómleg sveit og heilsteypt samfélag fór saman. Ég stóðst ekki mátið þegar þessi staða kom upp. Það má því segja að ég sé að fara heim,” sagði Bolli Pétur þegar Breiðholtsblaðið hitti hann í Seljakirkju fyrir skömmu.

## Aðeins hjartar minningar

“Ræturnar hafa alltaf sótt á mig og þegar sú staða kom upp að prestakallið var laus þá tóku þær að sækja enn meira á mig. Mig langar til þess að miðla þeirri góðu reynslu sem ég hef öðlast hér í Breiðholti til nýrra sóknarbarna. Aðstæður eru líka mjög góðar í Laufási og breyttar frá því að ég var að alast þar upp. Bæði á það við um samgöngur og fleira. Nú hefur verið byggður nýr prestbústaður á jörðinni og gamla húsið sem ég ólst upp í hefur verið gert að þjónustuhúsi fyrir ferðaþjónustu og kaffihús. Þegar ég kom í fyrsta skipti í Laufás eftir að húsið var gert að þjónustuhúsi þá gekk ég inn í stofuna heima, settist niður og pantaði mér kaffibolla. Á eftir fór ég upp á ris-hæðina til að litast um. Þar voru svefnherbergin okkar og þau voru nánast alveg eins og þegar við fórum. Meira að segja var límmiði á herbergishurðinni minni sem ég hafði límt þar sem krakki. Þarna hrundu minningarnar aldeilis yfir mig og það góða var að þær eru allar hjartar.”

## Sagan í hverju fót máli

“Laufár er mjög söguríkur staður. Sagan er í hverju fót máli í Laufási,” sagði Bolli Pétur og fór síðan með vísu eftir Magnús Ólafsson, sem var prestur í Laufási á 16. öld. “Laufás minn er lista bær – lukkuður maður sá honum nær – einkum þegar aldin grær – og allt á móti manni hlær.” Betur var vart hægt að koma orðum að fögru umhverfi og mannlífi á fyrri tíð og Bolli Pétur segir einkunnarorð vísunnar eiga jafn vel við í dag og þegar þau voru ort fyrir meira en 400 árum. Hann segir uppvaxtarárin



Með fjölskyldunni á ferð á Norðurlandi

# Ég er að fara heim

hafa einkennst af þessu umhverfi. Náttúrunni, sveitinni, nálægðinni við kirkjuna og ferðaþjónustu en Laufás við Eyjafjörð hefur lengi verið með þekktari ferðamannastöðum á landinu. “Það má segja að klukkan kirkju og skóla hafi kallað til verka og samfélags í Laufási. Sálmurinn “Kirkjan er oss kristnum móðir” var sunginn á helgum dögum og barnshjartað sló við hliðina á móðurinni Matthildi Jónsdóttur og eyrun opnuðust þegar faðirinn las boð Jesú Kristis á borð við þessi “Leyfið börnunum að koma til mín. Segja má að ég hafi alist upp með einum þeirra merkisklerka sem sátu staðinn á fyrri tíð. Séra Birni Halldórssyni. Hann var mikill andans maður og sálmaskáld og var prestur í Laufási þegar gamli torfbærinn sem enn stendur og laðar til sín ferðafólk var reistur 1865. Þegar ég tala um að ég hafi alist upp með honum á ég við persóna Björns og prestskapur sótti mjög

á huga föður míns. Hann tók ljóðmæli hans saman og hélt mikið upp á hann. Björn var því oft til umræðu á heimilinu og við systkinin heyrðum mikið um hann. Hann var á vissan hátt heimilismaður með okkur þótt hann væri maður fyrri tíðar. Allt í þessu umhverfi mótaði barnshugann og leiddi til þess sem síðar varð og val mitt á námi og síðan starfi er þar engan veginn undanskilið. Ég kynntist ferðamenskunni líka á unga aldri. Ég man vel þegar fróðleikspyrstir ferðamenn af flestum þjóðernum hlustuðu þolinmóðir á bjagaða engilsaxnesku í gamla Laufásbænum þegar hinn ungi leiðsögumaður var að störfum. Þess á milli stóð hann búlduleitur á milli stanganna í pollasparki Magnaliðsins á Grenivík, sem kallast víst markvarsla á skárna máli eða stóð með veiðistöngina á árbakka við Fnjóksárósa sem eru skammt undan Laufási. Og svo má ekki gleyma kartöflunum sem

spruttu upp um leið og farfuglarnir kvöddu en hurfu aftur ofan í moldina þegar þeir komu aftur. Þetta er svona það umhverfi sem ég óx upp úr og er nú að hverfa til á nýjan leik.”

## Lengi í minnum haft

Bolli Pétur segir að árið 2002 verði lengi í minnum haft í fjölskyldu sinni. “Þá vígðist ég til Seljaprestakalls í Breiðholti þann 14. júlí. Það sama ár vorum við hjónin, ég og konan mín Sunna Dóra Möller, gefin saman í hjónaband og yngsta dóttirin, Matthildur Þóra leit einnig dagsins ljós. Eldri börnin Jakob Þór og Sigrún Hrönn voru þá átta og tveggja ára.” Sunna Dóra kona Bolla Péturs er einnig af kirkjunnar fólki þótt ögn sé það langsóttara en hans sjálfs. Hún er dóttir Jakobs Möller og Sigrúnar Snævarr en langafi hennar var Valdimar V. Snævarr, skólastjóri og sálma-

skáld frá Þórstöðum á Svalbarðsströnd er kynntist konu sinni Stefaníu þegar hann var við nám hjá Magnúsi Jónssyni Laufásklerki. Því má segja að þau tengist bæði Laufási þótt með ólíkum hætti sér og bæði tengjast þau guðfræði og kirkju því Sunna Dóra er að ljúka námi í guðfræði og hefur starfað samhliða því við Nes Kirkju síðustu tvö árin þar sem hún hefur haft umsjón með barna- og unglingastarfi. “Nei – hún er ekki úr sveit. Er uppallinn Árbæingur en er engu síður spennt að fara norður og takast á við ný verkefni. Hún lítur á þessa ákvörðun sem tækifæri ekkert síður en ég. Hún hefur reyndar aldrei yfirgefið Árbæinn því við höfum búið þar enda stutt þaðan yfir í Breiðholti þannig að ég hef ekki þurft um langan veg til vinnu.”

## Alltaf að vera til taks

Talið berst að prestsstarf-



## Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 12 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Sjöntækjafræðingar með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

**Gleraugað**

Bláu húsin við Faxafen  
Suðurlandsbraut 50  
108 Reykjavík

Sími: 568 1800

glerauga@simnet.is  
www.glerauga.is

inu sem stendur Bolla Pétri svo nærri. Prestsyninum frá Laufási með presta hvarvetna í kringum sig. Tvær systur hans, Jóna Hrönn og Hildur eru prestar, mágur hans Bjarni Karlsson einnig og eigin-konan er á hraðri leið að ljúka guðfræðinámi. Bolli Pétur segir preststarfið eðli sínu þannig að hver sá einstaklingur sem starfar sem prestur þurfi að vera samferða söfnuðinum sem hann þjónar og vera mitt á meðal fólksins. Presturinn þarf alltaf að vera til taks. Hann þarf að vera reiðubúinn allar stundir og skipulagðar frístundir þurfa því stundum að víkja fyrir skyldunni kalli hún fyrirvaralaust á þjónustu hans. Við þær aðstæður er jafnan einstakt að eiga skilningsríka fjölskyldu, maka, börn og önnur ættmenni. Ég hef góðan stuðning af börnunum mínum. Þau eru alveg óhrædd við að láta skoðanir sínar í ljósi og gagnrýna finnst þeim þess þörf. Ég held að það sé hverjum sem vill sinna prestsstarfinu af kostgæfni nauðsynlegt og eiga trausta fjölskyldu sér að baki."

### Ánægjuleg samskipti við börnin

"Ég hef líka átt ánægjuleg samskipti við börnin í Seljaherfinu. Óflugt barnastarf og góð samskipti við börn og ungmenni er líka löngu orðið að hefð í Laufásprestakalli. Mig langar því mikið til þess að ganga inn í það góða starf sem þar hefur verið unnið. Ég hef áhuga á að eiga gott samstarf við leikskóla og efla annað barnastarf. Þetta er sá hluti af preststarfinu sem er einna mest gefandi að mínu mati. Börnin eru krefjandi og þau eru jafnan hrein-skilnustu gagnrýnendur sem við eigum vól á. Þau búa yfir ómeng-uðum huga og sjá því oft hvað betur má fara og eru tilbúin að láta það í ljósi. Þau koma til dyranna eins og þau eru klædd. Krakkarnir í sunnudagaskólunum eru óhrædd við að spyrja. Það geta oft skapast líflegar og skemmtilegar umræður við ungu kynslóðina þegar þau eru að gera sínar athugasemdir. Börnin gera líka ákveðnar kröfur en eru um leið miklir gleðigjafar. Þau launa vel fyrir sig með gleðinni sem þau veita. Ég veit að konan mín verður mér innan handar og góður stuðningur við barna- og unglingastarfið því hún býr yfir góðri reynslu úr Nes Kirkju að því leyti." Bolli Pétur segir að leikskólar séu veruleiki barna í dag ólíkt því sem áður var. "Kirkjan hefur víða boðið þá þjónustu að koma þangað með reglulegar fræðslu- og helgi-stundir fyrir börn. Þetta starf hefur verið á forsendum skólanna sjálfra og ég hef sinnt þessu starfi hér í Seljaprestakalli. Þessar stundir hafa falið í sér sögur, leikrit og söng. Þá hefur klerkur sest niður með starfsfólki á eftir með



Prestsstarfið getur verið fjölbreytt.

kaffibolla í hönd og farið yfir starfið sem og málefni liðandi stundar. Þetta hafa verið mér dýrmætar heimsóknir og mikilvægur liður í safnaðarstarfinu. Í Laufássókn eru nokkrir leikskólar sem fróðlegt og skemmtilegt yrði að eiga þannig samstarf við. Ég sé guðsþjónustur fyrir börn og fullorðna fyrir mér sem fasta punkta þar sem söfnuðurinn kemur saman til þess að nærast á orði guðs og samfélagi. Mér finnst líka áhugavert að kalla til fólk til þess að koma að þjónustunni og virkja safnaðarmeðlimi í helgihaldinu vegna þess að það er sameiginlegt verkefni prests og safnaðar.

### Sameiginlegt verkefni presta og safnaða

Bolli Pétur segir samfélagsgerðina misjafna frá einum stað og einu prestakalli til annars. Gott dæmi um það sé allt önnur samfélagsgerð í Laufásprestakalli við Eyjafjörð en í Seljaherfinu í Breiðholti. "Hér störfum við þrjár prestar við eina kirkju en fyrir norðan kem ég til með að starfa einn í fimm kirkjusóknum. Prestaköllin hafa verið að sameinast á undanförunum árum og ég mun því þjóna auk Laufáss og Svalbarðssóknum, Hálssókn, Ljósavatnssókn og Lundarbrekkusókn, sem er lengst inn í Bárðardal. Því verður um nokkurn veg fyrir mig að fara ólíkt því sem er í Seljaherfinu. Ég hef átt ákaflega gott samstarf við kollega mína hér rétt eins og sóknarbörnin. Eins mun ég leggja mig fram um að eiga gott samstarf við fólk í þeim söknum sem ég kem til með að þjóna og virkja það í helgihaldi og kirkjustarfi eftir föngum. Ég tel það skipta miklu máli fyrir kirkjuna að geta virkjað fólk með sér og geta kallað það til starfa. Kirkjustarfið er sameiginlegt verkefni presta og safnaða við að halda úti trúarlífi. Prestsstarfið hefur því breyst á síðari árum. Presturinn er orðinn nær fólkinu en var í kirkju fyrri tíma þar sem hann var ósnertanlegri og kom meira fram

skrýddur fyrir altari og í prédikunarstól þaðan sem hann talaði til fólks í messum á sunnudögum. Ég held að það skipti miklu máli fyrir prest og árangur hans í starfi að hann taki sig ekki alltof hátíðlega þótt aldrei megi gleyma því að skapa ákveðinn hátíðleika í kringum helgihaldið. Presturinn þarf að njóta trausts og hann þarf að vera samferða fólkinu. Ég held að hann öðlist traust með því að eiga alþýðleg samskipti við fólk. En hvað sem því líður þá er hinn kristni boðskapur sá sami og hið kristna samfélag einnig hvar sem menn búa og hvar sem fólk starfar."

### Stuðningur trúar og sammanlegrar reynslu

Bolli Pétur segist þakklátur fyrri að fá tækifæri til þess að kynna ólíkum, prestaköllum og kirkjusóknum. "Engu að síður veit ég að á margan hátt er við það sama að glíma. Fólk glímir bæði við gleði og sorgir hvort sem það býr í borgarhverfi, við sjávarsíðu eða inn til dala. Flestir eru að fást við sömu stóru spurningarnar í lífinu, gleðina og sorgina og þann tilgang sem okkur er ætlaður. Okkur er því dýrmætt að eiga Jesú Krist að sem vill verða okkar samferðamaður í hinu stóra verkefni sem okkur er fengið." Bolli Pétur segir að mikilvægi þessa birtist ósjaldan þegar þrengingar ganga yfir eða annað sem ógna kann tilveru fólks. "Þá er stuðningur trúarinnar, stuðningur sammanlegrar reynslu og samkenndar ómetanlegur. Hlutverk prestsins er því m.a. fylgið í því að minna á það og einnig að leiða fólk saman hvort sem er á stundum gleði eða sorgar. Það sama á við um allar ytri aðstæður og hvort fólk býr í þéttbýlinu eða í dreifbýli. Ég geri mér grein fyrir því að ég tek á margan hátt við góðu búi í Laufási. Þar hafa setið margir góðir klerkar í gegnum tíðina og sett svip á samtíðina þar. Nú tek ég með mér þá góðu reynslu sem ég bý að eftir starfið hér í Seljaprestakalli."



4.-5.  
SÆTI

PRÓFKJÖR  
SJÁLFSTÆÐISMANNA Í REYKJAVÍK  
13. OG 14. MARS 2009

# Kolbrún Baldursdóttir

## Hlustum á þjóðina

### Fyrirhyggja, festa og framfariir

Kolbrún er sálfræðingur með langa og víðtæka reynslu af félags- og velferðarmálum. Einkum er henni annt um hag fjölskyldna í landinu.

Gætum að velferð barna og setjum hagsmuni þeirra ofar öllu.

- Samvinna og eining er grunnur velgengni
- Ég vil styrkja stoðir Sjálfstæðisflokksins og efla innviði hans með nýjum sjónarhornum

www.kolbrun.ws

Vöndum valið

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

# Fyrir ferminguna...



GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda!

Það er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast á  
[www.gardheimar.is](http://www.gardheimar.is)

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300



Konurnar með prjóna sína. Að baki þeim má sjá hverfislögreglu-mennina í Breiðholti og Mörtu Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa.

## Hittast í prjónakaffi

Þessar konur hittast vikulega á föstudögum yfir prónum og kaffi þarna má sjá fjöldann allan af konum á öllum aldri sem prjóna saman og margar fallegar prjónaflikur sem spretta fram af prjónunum.

Í hópnum eru konur sem búa víðast hvar í Breiðholti og sífellt eru að bætast við konur og öllum velkomið að taka

þátt í prjónahópnum þennan morgun bar að margra góða gesti í prjónakaffinu. Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi leit við en hún var á leið í göngutúr með gönguhóp sem er í félagsstarfi Gerðubergs. Einnig litu við hverfislögregluþjónarnir sem ætluðu að slást í för með gönguhópnum í göngutúr um Elliðaárdalinn.



Bryndís Schram mætti í prjónakaffið í Gerðubergi í tilefni af menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti. Prjónakonur færði henni prjónaða inniskó að gjöf en þeir voru merktir bókstöfum J og B sem standa eiga fyrir nöfnin Jón og Bryndís. Hér er Bryndís með Brynjari Franssýni, formanni hverfisráðs Breiðholts.



Frá afhendingu heiðursviðurkenninganna.

## Heiðursviðurkenningar á Menningarhátíð

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri afhenti nokkrum valinkunnum einstaklingum heiðursviðurkenningar á Menningarhátíð eldri borgara á dögnum. Borgarstjóri flutti einnig ávarp á hátíðarsamkomu í Ráðhúsinu en samkoman var hluti af Breiðholtshátíð - Menningarhátíð eldri borgara.

Þjóðleikhúsið hlaut heiðursviðurkenningu fyrir frumkvæði og framúrskarandi þjónustu við eldri borgara um langt árabil, m.a. með því að bjóða uppá leiksýningar

að degi til með fjölbreyttu verkefnavali, en það fyrirkomulag auðveldar eldri fólk alla þátttöku. Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikshússtjóri, veitti viðurkenningunni móttöku fyrir hönd Þjóðleikshússins.

María Theodóra Jónsdóttir hlaut heiðursviðurkenningu fyrir góð störf sem formaður FAAS sem er skammstöfun fyrir Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra minnissjúkra. Félagstarfið í Breiðholti hefur um langt árabil verið í miklu samstarfi við félagið í Reykjavík og þakkaði við þetta tækifæri fyrir frábært samstarf og stuðning á liðnum árum.

Breiðholtsbúinn Valdimar Örnólfsson íþróttakennari hlaut heiðursviðurkenningu fyrir að ljá þjóðinni rödd sína og hressileika sem einkennir hann. En allir eldri borgarar þekkja Valdimar mjög vel þar sem hann var með morg-

unleikfimi í útvarpinu í heilan aldarfjórðung ásamt Magnúsi Pétursýni, píanóleikara.

Unnur Eyfells Nikulásdóttir hlaut heiðursviðurkenningu fyrir það að vera mikill gleðigjafi í félagsstarfinu í Breiðholti þar sem hún var meðal annars kórfélagi í Gerðubergskórnum og félagi í Vinabandinu sem tróð upp í lok athafnarinnar. Þá hefur Unnur Eyfells verið organisti og bregður sér í öll þau störf og hlutverk sem á þarf að halda hverju sinni. Þess má geta að Unnur lést 25. febrúar sl.

Margrét Margeirsdóttir formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, hlaut heiðursviðurkenningu fyrir að vera í forystu fyrir eldri borgara í Reykjavíkurborg til margra ára. En með starfi sínu hefur Margrét markað fram-tíðarspor í hagsmunamálum eldri borgara í víðum skilningi.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir



**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is  
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt  
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is  
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt  
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

**Gerðu góðverk í dag**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

AS



0



### Síðasti séns að láta skoða

Endastafurinn segir til um það hvenær bíllinn á að fara í skoðun. Forðastu óþarfa kostnað og láttu skoða bíllinn þinn á réttum tíma.

**Aðalskoðun**

# Fjöltefli á kynslóðadeginum



Helgi Ólafsson, stórmeistari fyrir miðju með þátttakendum í fjölteflinu í Árskógum.

Helgi Ólafsson stórmeistari tefldi fjöltefli við nemendur úr grunnskólum í Breiðholts í húsnaði Félagsmiðstöðvarinnar Árskógum 4. Fjölteflið var í tilefni af menningarhátíð eldri borgara. Kennarar tóku einnig þátt í taflinu og höfðu gaman af.

Fjölteflið í Árskógum tengist

verkefninu Fjölskyldurnar saman og einnig Eyjaþema Breiðholtshátíðarinnar þar sem Helgi Ólafsson bjó á sínum yngri árum í Vestmannaeyjum. Þátttakendur úr Fellaskóla voru Björn Halldórsson, Björn Snær, og Ardit Bakiq og úr liði kennara tefldi Álfheiður Eva Óladóttir. Þátttak-

endur úr Hólabrekkuskóla voru: Dagur Kjartansson og Brynjar Steingrímsson. Þátttakandi úr Ölduselsskóla var Alexander úr 6. bekk. Þátttakendur úr Breiðholtskóla voru þau Steinunn og Pétur Anton og kennarinn var Sigurjóna Björgvinsdóttir.



Dagrún Ársælsdóttir, leikskólastjóri Vinagerðis, Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfsins í Gerðubergi, undirrita samstarfs-samninginn. Félagsstarfið í Gerðubergi færðist til Velferðarsviðs um sl. áramót og er nú hluti af þjónustukeðju Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

## Vinagerði hlaut kynslóðaspýtuna

**Leikskólinn Vinagerði hlaut kynslóðaspýtuna í ár en spýtan var afhent á hátíðarsamkomu Menningarhátíðar eldri borgara í Ráðhúsinu um helgina.**

Leikskólabörnin í Vinagerði læra tákni með tali án þess að fjölskylduaðstæður kalli sérstaklega á það og þessi þekking barnanna hefur nýst vel í félagsstarfinu þegar fólk frá Félagi heyrnalausra nýtir þá aðstöðu sem það hefur nú fengið hjá Félagsstarfinu Gerðubergi. Þar sem þetta merkilega samstarf kynslóðanna er alfarið sjálfsprottið var vel við hæfi að Leikskólinn Vinagerði hljóti kynslóðaspýtuna í ár. Dagrún Ársælsdóttir, leikskólastjóri, tók á móti viðurkenningunni fyrir hönd leikskólans. Síðastliðinn fimmtudag var hátíðardagskrá í Félagsstarfinu Gerðubergi þar sem saman var komið fólk á öllum aldri undir dagskrárliðnum Kynslóðir saman. Þar var undirritaður samstarfs-samningur milli Leikskólans Vinagerðis og Félagsstarfsins í Gerðubergi. Kynslóðaspýtan var afhent í fyrsta skipti á Breiðholtshátíð-

inni 2008 og var Hólabrekkuskóli handhafi spýttunnar í eitt ár. Kynslóðaspýtan er veitt fyrir frumkvæði og samstarf í því að leiða kynslóðir saman til góðra verka en á undanförunum árum hefur verið unnið að því í Breiðholti að efla verkefnið Kynslóðir saman.



Fjölbrautaskólinn  
í Breiðholti

## OPIÐ HÚS Í FB

Miðvikudaginn 11. mars  
klukkan 17:00-19:00

verður námsframboð skólans, húsnaði, félagslíf nemenda, inntökuskilyrði o.fl. kynnt með fjölbreyttum hætti.

- Listnámsbraut (myndlist og textíl- og fatahönnun)
- Íþróttabraut
- Sjúkraliðabraut
- Snyrtibraut
- Rafvirkjabraut
- Grunndeild rafiðna
- Húsasmiðabraut
- Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Málabraut
- Félagsfræðibraut
- Náttúrufræðibraut
- Starfsbraut
- Innflytjendabraut
- Almenn braut

Allir velkomnir  
Skólameistari.



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti  
Lykill að framtíðinni



Erum að taka upp vor

og sumarfatnað frá

JENSEN, SHARE,

SOYA og

BRANDTEX.

Ótrúlega góð verð.

Fröken Júlía

Mjódd • Sími: 5575900

# Borgin mun kaupa 12 þjónustuíbúðir við Gerðuberg

Gengið hefur verið frá viljayfirlýsingu um kaup Reykjavíkurborgar á 12 íbúðum í væntanlegu fjölbýlishúsi í efra Breiðholti af Félagi eldri borgara í Reykjavík. Um er að ræða hluta af 49 íbúðum fyrir aldrada sem áformað er að reisa við Gerðuberg og Hólaberg og tengja við Menningarmiðstöðina Gerðuberg og félagsþjónustuna í Gerðubergi.

Deiliskipulagstillaga vegna þjónustuíbúðanna við Gerðuberg var kynnt á fundi í sal Félagsstarfsins í Gerðubergi 24. júní sl. og borgarráð úthlutaði síðan Félagi eldri borgara í Reykjavík byggingarrétti fyrir 49 íbúðir í fjölbýli samkvæmt þessu skipulagi þann 8. janúar sl. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við íbúðirnar geti hafist á þessu ári. Þá eru í byggingu þjónustuíbúðir í Grafarvog, við Hjúkrunarheimilið Eir og víðar í borginni.

Vilhjalmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar segir það sé mikið ánægjuefni að nú skuli hylla undir uppbyggingu tæplega 50 þjónustuíbúða við Gerðuberg. "Í embætti mínu sem borgarstjóri beitti ég mér sérstaklega fyrir því að gert yrði stóratök í byggingu öryggis- og þjónustuíbúða.



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Grunnurinn að slíku átaki var strax lagður um mitt árið 2006. Auk þeirra íbúða við Gerðuberg, sem úthlutað var til Félags eldri borgara í Reykjavík, eru nú í byggingu 110 öryggis- og þjónustuíbúðir við Spöngina í Grafarvog í samstarfi við Hjúkrunarheimilið Eir og í undirbúningi eru framkvæmdir við tæplega 100 slíkar íbúðir í Fossvogi í samstarfi við Hrafnistu. Einnig verður á næstunni hafist handa við byggingu tæplega 60 þjónustuíbúða í Fossvogi á vegum Samtaka aldraðra. Byggingu þjónustuíbúða hafði litið verið sinnt s.l. áratug en þörfin fyrir þesskonar búsetuúrræði er mikil þar sem það stuðlar að auknu öryggi, góðri þjónustu, fjölbreyttu félagsstarfi og auknum samskiptum við annað fólk í lífi og starfi. Þjónustuíbúðirnar við Gerðuberg verða samtengdar félagsmiðstöðinni í Gerðubergi. Þar hefur til margra ára verið byggð upp öflug og fjölbreytt starfsemi í þágu félagsstarfs eldri borgara undir forystu Guðrúnar Jónsdóttur og þess góða starfsfólks sem þar starfar. Ég óska Félagi eldri borgara til hamingju með þennan mikilvæga áfanga í þeirra þróttmikla starfi," segir Vilhjálmur Þ. í samtali við Breiðholtsblaðið.

## Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Ég heiti Höskuldur Agnar Þorvarðarson og er 16 ára gamall. Ég er á fyrst ári á málabraut í Menntaskólanum í Reykjavík. Ekki les ég sjálfur mikið af bókum, en hef núna upp á síðkastið verið að lesa bækurnar „Til Sommer“ eða „Til sumars“ og „The Hobbit“ eða „Hobbitinn“.

Til Sommer er dönsk bók sem fjallar um líf stelpu að nafni Luise sem er á aldrinum 19 – 21 árs, miðað við lýsingu hennar í bókinni. Það gengur mikið á í lífi hennar. Hún þolir ekki fjölskyldu sína, sérstaklega ekki föður sinn sem er alltaf svo leiðinlegur við hana, að hennar mati. Hún flytur því út frá fjölskyldunni.

Hún kynnist Anders í byrjun bókarinnar í bekkjarteiti hjá bestu vinkonu sinni, Stine. Ég kem betur að henni síðar. Áfram um Anders. Hann er með Luise í skóla, en þau talast ekki mikið á, og í rauninni þekkjust þau ekki neitt. Luise tekur eftir Anders í þessu teiti hjá Stine og byrjar að reyna svolítið við hann. Það vill svo til að Stine líkar einnig mjög vel við Anders, en er þó alveg sama þegar hann býður Luise með sér í göngutúr í teitinu og síðar á stefnumót. Lusise og Anders byrja svo saman og eru mjög hamingjusöm.

Þá kem ég fyrst að Stine. Hún er besta vinkona Luise og eignast kærasta í miðri bók, að nafni Gregers og eru þau einnig hamingjusöm saman.

Á meðan Anders fer um jólin til Amsterdam í frí, er Luise heima og lætur sér leiðast. Stine er líka einhver staðar í frí



Höskuldur Agnar Þorvarðarson.

með fjölskyldu sinni. Þá ákveður Luise að heimsækja Gregers, kærasta Stine og margt kemur upp á þar. Restin af bókinni er að mínu mati betri en byrjunin, meira fer að gerast og margt kemur upp á.

Ég festist ekki beint við lesturinn á þessari bók og finnst mér hún ekkert sérstök ef ég þarf að segja eins og er. Það er ekki mikið sem gerist í bókinni en samt sem áður, ef þig vantar einhverja bók til stuttlesturs þá mæli ég með þessari.

Hin bókinn sem ég las er að mínu mati helmingi betri en sú fyrri. Ég var að ljúka lestri á henni bara í síðustu viku og finnst mér þessi bók alveg frábær. Þetta er bókinn „The Hobbit“ eða „Hobbitinn“ og er eftir J.R.R. Tolkien, sama rithöfund og skrifandi „The Lord of the Rings“ bækurnar eða „Hringadrottinsögu“. „The Lord of the Rings“ er framhald af „The Hobbit“.

Sagan er um hobbita, að nafi

Bilbo Baggins. Einn daginn kemur Gandálfur, töframaður, og biður hann um að koma með sér í ævintýraferð. Bilbo neitar í fyrstu og í stressi biður hann Gandálf um að koma aftur næsta dag í te og kökur. Sér hann eftir því, þegar að 13 dvergast koma í heimsókn til hans næsta dag, að beiðni Gandálfs. Gandálfur ætlar með þá 14, það er að segja, dvergana 13 og Bilbo í ævintýraferð í leit að fjársjóði sem er falinn undir dreka einum, að nafni Smaug, en hann hafði áður fyrr drepit föður og afa Thorins, aðaldvergsins, þegar að að þeir höfðu verið að ná í fjársjóðinn í the Lonely Mountain, eða Hið Einmanna fjall á íslensku. Í fyrstu neitaði Bilbo en þegar dvergarnir byrjuðu að synja um hvað þeir skuli gera, þá vaknaði önnur hlið á Bilbo og játaði hann að fara með. Í þessari ferð gerist mikið. Mikið af nýjum persónum, óvinum, verum og fleiru koma inn í söguna. Þetta er alveg frábært ævintýri. Að mínu persónulega mati, þá finnst mér þessi bók betri en „Hringadrottinsaga“ en það er já, bara mitt persónulega álit. Ég mæli sterklega með því að þið kíkið á þessa bók og sókkvið ykkur inn í þennan frábæra heim J.R.R. Tolkien.

Næstur til að lesa og skrifa fyrir hönd Breiðholtsblaðsins er vinur minn, Stefán Kristinsson, nemi í Menntaskólanum í Reykjavík og óska ég honum góðs gengis.

**Gerðu góðverk í dag**  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

**VIÐHALDSFRÍAR**  
Gæða ítalskar þakrennur og niðurföll í ýmsum stærðum og litum.  
Ótrúleg verð!  
Önnumst einnig alla almenna blikk- og járnsmíði svo sem: loftræstingar, reykrör og þakbúnað.

**AUÐÁS BLIKKSMÍÐJA**  
Dalvegi 16c • Kópavogi • S: 564 1280



Opið hús var hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts og hverfislögreglu í tengslum við Menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti. Starfsfólk Þjónustumiðstöðvarinnar og lögreglan tóku á móti gestum. Markmið opins húss er að kynna helstu verkefni, starfsemina og veita uppýsingar um forvarnarstarf og fleira sem unnið er að hjá lögreglu og Þjónustumiðstöð Breiðholts. Á myndinni má sjá hvar lagið var tekið í húsnæmum Þjónustumiðstöðvarinnar.

## Stærðfræðileikar á Netinu

Nú í byrjun mars hefjast stærðfræðileikar á netinu fyrir 4. til 7. bekk og 7. til 10. bekk.

Stærðfræðileikarnir fara þannig fram að fimm vikur í röð birtast á vefnum tvö ný verkefni sem nemendur hafa viku til að leysa og skila. Auk þess mun eitt verkefni standa yfir allan tím-

ann, en það reynir á hugmyndaflug nemenda og sköpun.

Nemendur skrá sig á vef stærðfræðileikanna [www.leikar.net](http://www.leikar.net) til að taka þátt og fá aðgangsorð sem þeir nota til að senda inn lausnir verkefna. Leikarnir byrja 2. mars en nemendur hafa tækifæri til 9. mars til

að skrá sig og taka þátt í öllum verkefnum tíu sem birtast á vef stærðfræðileikanna. Leikunum lýkur fyrir páska og verður tilkynnt um úrslit eftir páskafrí grunnskólanemenda. Veitt verða verðlaun í báðum aldursflokkum leikanna.



**ER LÍFIÐ ERFITT?**  
**HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS**  
**ER OPINN 1717**



# Öskudagurinn í Breiðholti

Á Öskudaginn var haldin mikil skemmtun hjá Miðbergi frístundamiðstöð og Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Börn úr frístundaheimilunum Breið-

holts gerðu sér ferð á Öskuball og slógu síðan köttinn úr tunnunni. Sjón er sögu ríkari.



treystum grunninn - tryggjum velferð

## Jórunn 2 Frímansdóttir

Kaffifundur verður með eldri borgurum sunnudaginn 8.mars kl. 16 í Glæsibæ

Allir velkomnir.

[www.jorunn.is](http://www.jorunn.is)

Kosningaskrifstofa jórunnar er í Glæsibæ  
Opíð virka daga frá kl. 17-20 og um helgar frá kl. 13-18.



# Farið að vora í Garðheimum

Vorlaukarnir eru komnir í Garðheima. Nú er mikið úrval af Dalíum, Liljum, Begoníum, Animonum, Gladiolum, matlaukum auk fleiri tegunda. Að sögn Jónínu Lárusdóttur í Garðheimum koma laukarnir frá Mosselman en það er þekktur framleiðandi í Hollandi.

Vorlaukar eru laukar sem settir eru niður að vori og blómstra á tímabilinu frá júlí og fram í ágúst. Jónína segir að það verði að koma þeim til innanhúss. Best sé að hafa þá í köldum skála, áður en þeir eru settir er niður í mold úti. Nákvæmar leiðbeiningar eru á hverri pakkningu, þar á meðal um gróurdýpt, hæð, hvenær er best að setja niður og hvenær þeir blómstra.

Að öðru sem verið er að gera í Garðheimum þessa dagana má nefna að nú um helgina verður hin árlega brúðkaups- og rósasýning Garðheima haldin. Þar verður um glæsilega tískusýningu að ræða sem verður á vegum Brúðarkjólaleigu Línu & Lilju, og Hjá Hrafnhildi fyrir mömmurnar. Jónína segir að sé fólk í giftingarhugleiðingum eða búið að ákveða



Módel frá Dansskóla Hafnarfjarðar sýna í Garðheimum.

giftingardag í vor, sumar, haust eða jafnvel næsta vetur sé tilvalið að líta inn vegna þess að um verði að ræða þema fyrir allar árstíðir, borðskraut, blóm, servíettur, kerti

ofl. Þá verði nýjasta tíska í brúðarvöndum sýnd en þeir eru gerðir af blómaskreytum Garðheima. Kynningar og sýningarhald af ýmsum toga er hluti af starfsemi Garðheima. Um síðustu helgi var sérstök sýning sem tileinkuð var fermingum enda eru þær á næsta leiti. Þar voru sýnd glæsilega skreytt veisluborð sem gáfu góðar hugmyndir fyrir fermingarveisluna. Blómaskreytar Garðheima voru á svæðinu og gáfu góð ráð. Þá má nefna að sýndir voru borðdúkar, löberar, sissal, föndur- og skreytingarefni, kerti og servíettur og áletranir, sálma- og gestabækur, borðskraut. Fermingartískusýning var einnig haldin í tilefni þessara daga í Garðheimum. Fatnaður var frá verslunum Outfitters Nation fyrir fermingarbörnin og Vera Moda fyrir mömmur. Módelin voru dansarar frá dansskóla Hafnarfjarðar og var sýningin því með dansívafl.

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)

## Fermingar Boðskort

Verð  
10-39 stk. 150kr./stk.  
40 + stk. 145kr./stk.

**myndval**  
Þönglabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070  
myndval@myndval.is  
[www.myndval.is](http://www.myndval.is)

## Bernskuminningar úr Breiðholtinu

**Magnús R. Sigtryggsson, flugmaður hjá Icelandair lítur til baka að þessu sinni. Hann er alinn upp í Akraselinu, sonur Sigtryggs R. Eypórssonar, framkvæmdastjóra XCO og Þorbjargar Guðmundsdóttur. Kona Magnúsar er Helena Gylfadóttir og eiga þau tvær dætur, Margréti Rósu og Ástu Halldóru.**

# Tvær vikur urðu tvö ár

Ég er ættaður úr Ljósheimunum og var kominn á fimmta ár þegar við fluttum í Seljahverfið. Ég man því fremur lítið eftir bernskubrekum úr Heimunum en þó hefur mér verið sagt frá nokkrum. Þegar mamma kom af fæðingardeildinni með yngri bróður minn kom frænka okkar í heimsókn og gaf okkur Opalpakka. Mér þótt alveg sjálfsgætt að litli bróðir fengi Opal eins og við stærri systkinin og ég man aðeins eftir látunum í mömmu þegar hún æddi af stað til þess að ná Opalínu úr hálsinum á honum. Mér hefur verið sagt frá því að þegar fullorðin kona sem gætti okkar eldri systkinanna þar féll frá, þá hafi ég alls ekki geta skilið hvernig fólk færi að því að deyja án þess að vera skotið. Ég hef eflaust verið búinn að horfa á einhverjar teiknimyndir í sjónvarpinu þótt það væri bara svarthvitt og séð hetjuna skotna og standa upp aftur.

### Húsið var stórt og hverfið hálfbyggt

Svo fluttum við í Akraselið um vorið 1976. Það fyrsta sem ég man eftir er hvað húsið var stórt og að það var hálfbyggt að innan. Á þessum árum flutti fólk inn þótt byggingu væri ekki lokið. Fyrsta árið fór síðan í að ljúka byggingunni. Koma upp varanlegri eldhúsinnréttingu, stigum, gera snyrtingar klárar og að mála yfir grunnmálninguna svo nokkuð sé nefnt. Hverfið var líka allt hálfbyggt, Allstaðar var verið að byggja og húsin komin misjafnlega langt. Sumstaðar var flutt inn en önnur voru styttra komin og efri hluti hverfisins var óbyggður. Við krakkarnir fórum líka að vera ein úti. Það þótt ekkert tiltökumál að fimm og sex ára krakkar væru úti að leika sér og við notfærðum okkur frjálsræðið og þetta hraa umhverfi. Allstaðar voru moldarhaugar og gatan var líka notuð til þess að leika sér. Gissur Þorvaldsson, sem byggði við hliðina á okkur var fluttur inn á undan. Hann var víst fyrstur til að flytja inn í götuna og ég held í öllu hverfinu. Ég er á sama aldri og Gunnlaug dóttir hans og við lékum okkur mikið saman. Ég var aldrei mikið í fótbolta en Gunnlaug var góð fótboltastelpa og stundum dró hún mig með sér. Auðvitað var enginn




Síðustu jólin í Ljósheimunum. Þorbjörg mamma, Guðmundur bróðir, Fjóla systir og ég. Vorið eftir fluttum við í hálfbyggt Breiðholtíð.

fótboltavöllur í svo glænýju hverfi svo við spiludum bara á götunni. Ég eignaðist líka fljótt nokkra vini í götunni.

### Sagði upp í leikskólanum

Ég var stutt í leikskóla. Það var í Ljósheimunum og ég sagði sjálfur upp í skólanum. Tilkynnti bara einn daginn að ég væri hættur og mamma lét það gott heita. Ég fór aldrei aftur í leikskólann eftir að ég tilkynnti um starfslok mín þar. Í Seljahverfinu tók Ölduselsskólinn svo við. Við héldum talsvert hópinn úr Akraselinu, ég Gunnlaug og nokkrir strákar. Jón Vilberg, sem átti heima í Akraseli 1 og Kjartan Ingi, sem bjó líka rétt hjá okkur voru góðir vinir mínir og fleiri voru í hópnum. Það er nokkuð langt að labba úr Akraselinu út í Öldusel. Stundum tókum við okkur góðan tíma á heimleiðinni. Við vorum ekkert mikið í praktarastrikum en ég man þó eftir að við fórum stundum upp á þak, hlupum eftir þakinu og renndum okkur svo niður á ljósataur sem var fast við skólann. Staurinn var rétt við skrifstofu skólustjórans og einhverju sinni vorum við svo óheppnir að skólustjórinn, sem var Aslaug Friðriksdóttir var að horfa út um gluggann ásamt einhverjum sem voru inni hjá



Á fermingardaginn. Þessi mynd prýddi forsiðu Kiwanisblaðsins Vifils í Breiðholti, forvera Breiðholtsblaðsins um páska 1987.

henniþegar við brunuðum niður staurinn eins og slökkviliðsmenn í útkalli í amerískri bíómynd. Þetta varð til þess að við vorum teknir inn á teppið. Hún var ekkert vond en benti okkur á að þetta væri hættulegt.

### Á Ferguson, Landrover og Chevrolet Viking

Ég var eiginlega aldri heima á sumrin þannig að ég veit lítið um lífið í Seljahverfinu frá maílokum til septemberbyrjunar. Ég fór alltaf í sveit norður í Eyjafjörð. Fyrst þegar ég var sex eða sjö ára og var þar á hverju sumri fram til 16 ára aldurs. Ég held að sumarlífið í sveitinni hafi verið miklu skemmtilegra en í Breiðholtinu þótt Seljahverfið væri enn hálfgerð sveit á þessum árum. Á meðan félagar mínir voru að rembast um á reiðhjónum var ég að aka Massey Ferguson og Landrovernum. Síðari árin fékk ég stundum að grípa í Chevrolet Viking vörubílinn sem var til á bænum og notaður til þess að flytja heybagga. Það var reyndar erfiðara að fá leyfi til að aka honum og ég þurfti að suða í syni bóndans til þess

en þegar um traktorinn og Landroverinn var að ræða.

### Tvær vikur urðu tvö ár

Landroverinn var þó ekki eina fjórhjóladrifsfarartækið sem ég kom nálægt á æskuárunum. Ég eignaðist snemma gamlan Willys í félagi við Sölva Oddsson vin minn til margra ára. Við vorum ekki farnir að aka bíl þegar við eignuðumst þennan eðalgrip þannig að fyrstu árin fóru í viðgerðir og endurbætur á farkostinum. Einhverju sinni þegar mamma og pabbi fóru til útlanda í tvær vikur gripum við tækifærið og settum Willysinn inn í bílskúrinn. Ætlunin

tækið á bænum og það kom sér vel til að laga ýmislegt fyrir suðurferðina. En þarna fékk ég bakteríu sem ég hef ekki læknast af og enn á ég gamlan Willys jeppa. Ég nota hann meira að segja stundum til þess að fara í veg fyrir flugvallar-rútuna þegar ég er á leit til vinnu.

### Ekki heima á sumrin

Þótt ég hætti að fara í sveitina þá kynnst ég sumrunum í Seljahverfinu ekki mikið. Ég var eitt sumar heima en þá sagði mamma að ég yrði ekki meira heima á sumrin. Hún munstraði mig á skip og ég sigldi hjá Eimskipi í þrjú sumar. Á þessum árum var ég



Komin með fjórar strípur. Flugstjóri á Dornier vél Íslandsflugs í innanlandsflugi ásamt aðstoðarflugmanni. Vélin var í leigu til Mýflugs og var myndin tekin í tilefni þess að tveir flugmenn frá Mýflugi flugu Íslandsflugsvél í fyrsta skipti.

var að skipta um girkassa. Okkur fannst ómögulegt að þurfa að liggja undir bílnum svo við gripum til þess ráðs að taka boddýið ofan af honum. Þá gátum við staðið á grindinni og á gólfinu og skrúfað og skrúfað. Þessi aðgerð leiddi til margvíslegra annarra endurbóta en girkassaskiptanna og það endaði með því að þessar tvær vikur, sem viðgerðin átti að standa varð að tveimur árum. Mamma og pabbi voru auðvitað löngu komin og sennilega búin að fara nokkrar ferðir til viðbótar og alltaf stóð heimilisbíllinn úti hvernig sem víðraði. Willysinn varð þó ökufær að lokum og við fórum nokkrar eftirminnilegar ferðir. Í fyrstu ferðinni ætluðum við yfir á en ísinn brotnaði og jeppinn lenti ofan í vatninu að aftanverðu. Svo brotnaði afturdrifskaftrið í volkinu og annar framöxulinn þannig að hann var bara með drif á einu hjóli á heimleiðinni. Þannig tókst okkur að slá sjálfum Ómari Ragnarssyni við sem söng lagið um þrjú hjól, tvö hjól og eitt hjól undir bílnum um árið. Aftur fór Willysinn inn í bílskúr og síðar var hann gerður klár fyrir norðurferð. Það var um páska og við Sölvi tókum þýskar stelpur sem voru skiptinemar með í för og héldum norður Kjöl. Við komumst alla leið norður en þá var ágætt að hafa verið í sveit í Eyjafjörðinum. Ég vissi um rafsúðu-

alvarlega að hugsa um að leggja sjómennskuna fyrir mig og jafnvel að gerast skipstjóri. Það voru sjófarar í föðurætt móður minnar og afi talaði oft um skip og sjó enda var hann það sem kallað var skipamiðlari. Ég sigldi eitt sumarið á ströndina eins og innanlandssliglingarnar voru kallaðar. Ég hafði eignast mótörhjól í félagi við Sölva vin minn og þegar að ég spurði skipstjórnann hvort ég mætti taka hjólið með svaraði hann játandi. Þegar ég mætti svo með hjólið að skipshlið og hann sá það leit hann á mig og sagði að ég hefði ekki sagt sér að þetta væri mótörhjól. "Ég hélt að þetta væri reiðhjól." Hann hugsaði sig síðan aðeins um og bætti við að það væri á mína ábyrgð ef það færi í sjóinn. Ég batt hjólið síðan niður og við sigldum norður fyrir land með viðkomu á Austfjörðum. Þegar við komum til Akureyrar gaf bátsmaðurinn mér frí. Ég leysti hjólið og brunaði á því í sveitina þótt það væri mígandi rigning. Ég hafði líka fengið áhuga á flugi á þessum tíma og þetta togaðist dálítið á í mér. En þegar ég sóttist eftir inngöngu í Sjómannaskólann sem var nauðsynlegt til þess að geta orðið skipstjóri kom í ljós að mig vantaði nokkra siglingatíma þrátt fyrir þrjú sumar á sjónum. Flugíð varð því fyrir valinu.



Fyrsta jeppaferðin. Vorum búnir að brjóta drifskaf og öxla og það þurfti að draga farkostinn heim. Hér er verið að undirbúa að ná Willys jeppanum upp úr ánni.

## Heilsupóstur:

## Fótasveppir

Nú þegar sól hækkar á lofti stunda landsmenn sundlaugarnar af kappi. Það er yndislegt að fá sér sundsprett og slaka svo á í heita pottinum, láta sólina skína á kroppinn og ræða heimsmálin. Þeir sem stunda sundlaugarnar hafa orðið varir við það að auðvelt er að fá fótasveppi.

Fótasveppur er sýking af völdum sveppa, sem kallast dermatophytar. Fótasveppir eru nefndir tinea pedis, dermatophytosis eða athlete's foot. Á húðinni eru ýmsar örverur, bæði bakteríur og sveppir. Örverurnar eru nauðsynlegar líkamanum og eru þáttur í náttúrulegri flóru líkamans. Við ákveðnar aðstæður raskast hlutföll örvera og við það getur myndast sýking. Sveppir lifa á dauðum húðfrumum, hári og nöglum og eru yfirleitt skaðlausir. Ef þeim fjölga of mikið myndast sýking. Fótasveppir er algengur kvilli, sérstaklega hjá fullorðnu fólki en sjaldgæfari hjá börnum. Sveppirnir þrífast best við rakar og heitar aðstæður. Kjöráðstæður eru hjá þeim sem ganga í þröngum og lokuðum skóm og hjá þeim sem þrifa og þurrka fætuna ekki nógu vel, þannig að húðin helst rök. Fótasveppir eru smitandi og smitast bæði við beina og óbeina snertingu, með skóm, sokkum og

af gólfum. Einnig berst smit með vatni í heitum pottum og sundlaugum. Fótasveppir eru algengt vandamál, oftast tímabundið.

Helstu einkenni eru þau að sýking byrjar á milli tanna og getur færst undir ilina, húðin flagnar á milli tanna og kláði og sviði fylgir, útbrot, roði og bólga. Ysta lag húðarinnar verður hvítt og soðið undan svita og vatni. Blöðrur myndast, vessi getur lekið úr þeim og skorpa myndast yfir. Húðin verður þurr og sprungin. Sveppirnir geta einnig lagst á neglurnar sem þykkna og gulna.

Gott ráð er að gæta þess að fætunir séu ávallt þurrir og svalir. Fótasveppir þrífast best í raka og hlýju. Mikilvægt að hirða fætur vel, þvo fætuna daglega með vatni og sápu og láta þorna vel áður en farið er í sokka. Skipta um sokka að minnsta kosti daglega. Nota bómullarsokka eða ullarsokka, ekki nota sokka úr gerviefnum, því þeir halda raka á fætinum. Forðast að nota þétta og lokaða skó, ganga í leður skóm og best er að nota opna skó. Gott er að púðra fætuna og jafnvel skó að innanverðu með talkúmi sem inniheldur sveppalyf. Oftast er hægt að greina sjúkdóminn út frá einkennum. Einnig er hægt að

taka sýni úr húðútbrotum. Batahorfur eru góðar, yfirleitt er hægt að halda fótasveppum í skefjum með fyrirbyggjandi aðferðum. Ef sveppasýkingin einskorast við bilið á milli tanna og á húð, dugur oftast eigin meðferð. Hægt er að fá ýmis lyf, sem fást án lyfseðils í apótekum. Ávallt er nauðsynlegt að nota fyrirbyggjandi aðferðir. Helstu fylgikvillar sveppasýkingar er bakteríusýking í húð og kemur hún þá oft í kjölfar sveppalyfjameðferðar. Þá ber að leita til læknis. Helsta meðferð er staðbundin meðferð með sveppalyfjum. Til eru mismunandi lyfjaform til útvortis notkunar, hlaup, krem, áburður og duft. Lyf í lausasölu eru Lamisil, Pevaryl, Canesten og Daktacort.

Njótum þess að vera til, slökum á og dekrum við líkmann, því hver dagur er dýrmæt gjöf.

Sigríður Arnardóttir  
Lyfjafraeðingur  
Apótekararum Mjódd.



Sigríður Arnardóttir.

Opið  
mán. - föst. kl. 10-22.30  
laugard. kl. 10-20  
sunnud. kl. 12-20

SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA  
Hólmaseli 2, 109 Reykjavík  
S. 567 2077 - 587 0077

Ég bið um stuðning þinn í 1.- 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Hugsum út fyrir kassann!



Nánari upplýsingar á: [www.elinorainga.com](http://www.elinorainga.com)

Efnalaugin Björg í Mjódd:

## Afsláttur allan marsmánuð!

Í tilefni af því að nú er hækkandi sól og fermingar framundan þá heimsóttum við Efnalaugin Björg í Mjódd og hittum þar fyrir eigendurna hjónin Ágústa Magnúsdóttur og Sigurð Jónsson ásamt dóttur þeirra Guðrúnu Erlu sem nú er framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Við vildum fá að vita hvernig gengi í Mjóddinni og hvort þau væru ekki með einhver góð tilboð til þeirra sem eru að ferma í ár. Sigurður varð fyrir svörum. "Við fjölskyldan höfum verið hérna í Mjóddinni í 22 ár, og hérna líkar okkur mjög vel að vera. En fyrirtækið hefur verið í eigu fjölskyldunnar frá stofnun árið 1953. Núna verðum við með allsherjartilboði allan marsmánuð og bjóðum viðskiptavinum 20% afslátt af allri hreinsun fatnaðar, gluggatjalda og teppa og auðvitað á það við leður og rúskinn líka."

Það var að heyra á Sigurði að reksturinn gengi vel og spurðum því hverju hann þakkar það sérstaklega. "Við hreinsum allan almannan fatnað og höfum líka sérhæft okkur í hreinsun leðurs, rúskinns og loðfelda. Við sérhæfum okkur líka í hreinsun á sérstaklega viðkvæmum fatnaði. Okkar sérhæfing hún byggir á



Guðrún Erla, Ágústa og Sigurður eigendur Efnalaugarinnar Bjargar í Mjódd bjóða 20% afslátt af allri hreinsun út marsmánuð.

námi og þekkingu sem við höfum aflað okkur erlendis t.d. hjá Hugo Boss í Þýskalandi. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að þeir sem taka að sér hreinsun á dýrum fatnaði hafi fulla þekkingu sem til þarf. En slíkrar þekkingar höfum við aflað okkur. Síðan er það bæði vélakosturinn, sem við endurnýjum reglulega og höfum ávallt þann besta sem hægt er að fá og síðan efnin sem við notum. En þar er um tvennskonar hreinsivökva að ræða Perklór eins og allar efnalaugar nota, en hitt er Hydrocarbon. Það er vistvænn

mildur vökvi. Í honum getum við hreinsað t.d. palliettu/perlu skreyttan fatnað. Ég vil að síðustu nefna það að við veitum þeim sem þurfa samdægursþjónustu og síðan bjóðum við vatnsvörn bæði fyrir fatnað og skó. Fólk getur hvoru tveggja fengið fatnaðinn varinn hjá okkur eða keypt efnið og varið sjálf." Við þökkum Sigurði fyrir upplýsingarnar og hvetjum Breiðhyltinga til að nýta sér afsláttinn hjá Efnalauginni Björg hjá okkur í Mjóddinni núna í mars.

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Netfang: [borgarblod@simnet.is](mailto:borgarblod@simnet.is)

Heimasíða: [borgarblod.is](http://borgarblod.is)

**Quiznos SUB**  
Nýbýlavegi 32  
Fjölskyldutilboð  
matur fyrir 4 með gosi  
**2690 kr.**  
Rennbraut og Boltaland



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

[www.utfarir.is](http://www.utfarir.is) • [rumar@utfarir.is](mailto:rumar@utfarir.is)



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Hilti-Hagi ehf.:

# Flísa sögun á staðnum



Verslun Hilti að Stórhöfða 37.

Við heimsóttum Hilti á Stórhöfðanum og inntum Óskar G Sigurðsson stjórnarformann um tilurð fyrirtækisins.

Óskar sagði okkur. "Hilti-umboðið stofnuðum við saman ég og Björn G Björnsson fóstari minn árið 1965. Við vorum með heildverslun á þeim árum og fluttum inn vörur frá Japan. Umfangið í Hiltiþjónustunni jókst ár frá ári og jafnframt minnkaði annar innflutningur, þangað til Hiltiþjónustan varð allt okkar starf og reksturinn hefur byggst nánast einvörðungu á Hilti vörum s.l. 40 ár." Við spurðum Óskar hverju hann þakkar þessa velgengni. "Gæði tækjanna," svaraði Óskar og bætti við: "Við höfum kappkostað að hafa gott starfslið og veita eins góða þjónustu og mögulegt er."

Hilti hefur nú rekið vélaleigu sem leigt hefur út vélar og tæki um ára

bil. Vélaleigan hefur notið mikilla vinsælda hvoru tveggja hjá fagmönnum sem og hinum almenna borgara sem staðið hefur í framkvæmdum.

Hilti hefur enn bætt við þjónustuna og býður flísa sögun á staðnum. Aðilar geta komið með flísa af öllum þykktum og stærðum, merktar og mældar, og þær síðan sagaðar og boraðar í bestu fánlegu tækjum. Ekkert mál er t.d. að bora á þær göt af ákveðinni stærð eða setja á þær göt af mismunandi lögun. Allt eftir óskum hvers og eins. Þykkt og stærð skiptir eiginlega ekki máli, því þeir í Hilti geta jafnvel sagað gangstéttarhellur ef svo ber við. Það er mikið hagræði að þessari þjónustu því nú þurfa engar misfellur eða sagarför að sjást í kringum rofa, innstungur eða við niðurföll. Einnig er kjarnaborun og sögun í heimahúsum í boði ef óskað er.



## TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Bolla Pétur Bollason

# Þakkir

Nú þegar ég held norður yfir heiðar til þess að taka þar við sóknarprestsembætti í Laufásprestakalli sækir á mig þakklæti fyrir kynni mín af Breiðhylltingum og þakklæti fyrir það tækifæri að hafa fengið að þjóna þeim sem prestur í tæp 7 ár. Það hefur verið dásamlegt á þessum tíma að fylgjast með nýjum borgurum við helga skírnarlaug ásamt nýbökðu foreldrum, ellegar fylgjast með hamingjuglampna í augum brúðhjóna, þar sem þau heita ævarandi trúnaði og ást frammi fyrir augliti Guðs. Þá hef ég átt því láni að fagna að fylgjast með ungu fólki vaxa úr grasi í barnastarfi kirkjunnar, verða að unglungum í æskulýðsstarfinu og svo þegar þau taka þá stóru ákvörðun að gera Jesú Krist að leiðtoga í lífi sínu á björtum fermingardeggi. Allt er þetta sérlega þakkarvert. Þá má heldur ekki gleyma þeirri mikilvægu þjónustu, sem það er að koma að jafnvíðkvæmum viðfangsefnum eins og dauða og sorg, en þar glittir oft en ekki í ljós vonar, þá birtu sem bíður við enda dalsins dimma. Bæði í gleðinni og sorginni hef ég fengið að upplifa umbreytandi mátt fagnaðarerindisins, þar sem það snertir dýpra við fólki en margan grunar og leiðir það ósjaldan til annarra og nýrra þanka. Það megum við

vita að ný viðhorf og þankar geta falið í sér hamingjuna, sem við öll sækjumst eftir og þráum, það er innri hamingja. Þessi umbreytandi máttur fagnaðarerindisins í lífi manneskjunnar hefur m.a. birt mér Guð og leitt til þess að ég hef skynjað Guð á þreifanlegri hátt en annars í lífi og starfi. Fyrir það er ég sömuleiðis þakklátur. Núna eftir sjö ára þjónustu í mannmörgu og þéttbýlu Seljaprestakalli hef ég öðlast reynslu, sem ég mun ætíð búa að og tek með mér í veganesti á nýjan stað, sem er öllu dreifbýlli og fámennari. Báðar samfélagsgerðir þekki ég ágætlega, þar sem ég óx úr grasi í sveitinni fyrir norðan, en eitt er víst að þessi prestaköll, Seljaprestakall og Laufásprestakall, eiga það sameiginlegt að þar er fólk bæði að glíma við gleði og sorg, við trú og tilgang. Við erum víst öll að fást við þær stóru spurningar allt okkar líf og það sem er svo dýrmætt við það er sú reynd að fagnaðarerindi Jesú Krists styður við í því stóra verkefni og boð Krists gerir það að verkum að við finnum fyrir hvert öðru í þeim pælingum sbr. orð hans „farið því og gjörð allar þjóðir að lærisveinum.“ Mikilvægi slíkrar samvitundar og samkenndar er ótvírætt t.d. þegar eitthvað ógnar tilveru okkar. Það er hlutverk prestsins að minna

á það og leiða fólk saman, hvort sem er á gleði eða sorgarstundum, hvort sem það nú er í dreifbýli eða þéttbýli. Guðfræðin segir að við séum ein heild, kristin kirkja kallar okkur saman, eflir félagsleg tengsl, sem er án efa ríkur þáttur í því að skynja og finna fyrir krafti Guðs. Og nú þegar við horfum fram til vorsins og páska, þar sem við erum minnt á mátt lífs, sækja fyrrnefndir þankar sem og þessi leyndardómsfulli kraftur Guðs enn frekar á okkur. Þar sem hinn sögufrægi Laufásstaður hefur borið á góma í þessum pistli, þá er við hæfi að ljúka honum með kveðskap fyrrum Laufásklerks sr. Björns Halldórssonar, sem var jafnframt afbragðs sálmaskáld. Hann dregur vel saman upprisuboðskapinn, sem er hið umbreytandi fagnaðarerindi, í páskaversi, já fagnaðarerindið sem er grundvallandi í öllu starfi kristinnar kirkju: „Hræðist ekki, líf vort lifir, lausnarinn, er sigur vann. Mold þótt breiðist bein mín yfir, blundi grafar raskar hann. Drottins hægri hönd er sterk; herrann gjörir kraftaverk, lyftir björgum, leysir hlekki, lífgar dauða, hræðist ekki.“ Um leið og ég ítreka þakklæti mitt óska ég Breiðhylltingum sem og landsmönnum öllum Guðs blessunar.

## Láttu drauma þína rætast

Mér er oft hugsað til sögunnar um froskana sem ákváðu að fara í kapphlaup upp í háan turn. Margir höfðu safnast saman til þess að horfa á þá og hvetja til dáða, en í rauninni trúði enginn á að þeir myndu ná þessu markmiði sínu. Þannig fór, að einn af öðrum heltist úr lestinni og fólkíð kallaði: "Þetta er alltof erfitt, þið náði þessu aldrei". En á endanum var einn froskur eftir, sem gafst ekki upp og hann náði toppnum að lokum. Hinir froskarnir vildu fá að vita hvernig stóð á því að hann hefði staðist allar úrtölnar og svartsýnina í fólkinu. Jú í ljós kom að hann var heyrnarlaus. Það sem við getum lært af þessu er að hlusta aldrei á úrtölmenn. Þeir ræna þig draumum þínum sem þú berð í hjarta þér.

Undanfarin 10 ár hef ég rekið nýsköpunarfyrirtæki, Elás ehf, Royal Natural, byggt á eigin hug-

mynd. Nýsköpunin gengur út á það að taka hráefni sem áður var vannýtt og gera úr því lúxusvöru og nota Internetið til markaðssetningar. Ég hef verið formaður hugvitsmanna og kvenna síðastliðin 11 ár og skipulagt ráðstefnur og sýningar fyrir íslenska og erlenda frumkvöðla. Helstu baráttumál mín eru að virkja íslenskt hugvit, fjölga þannig atvinnutækifærum og auka verðmæti íslenskrar framleiðslu. Við þurfum aukinn fjölbreytileika í íslenskum iðnaði og við þurfum að vinna saman að því að hver og einn fái að nota styrkleika sinn og hæfni. Íslenskar vörur eiga að vera einstakar, hágæða og vottaðar, helst lífrænar vörur. Við höfum allar forsendur til þess að svo geti orðið, því við eigum hugmyndaríkt fólk, ódýra orku, nóg landsvæði, fiskimið og vatn. Við þurfum að huga að sjálfbærni og endurvinnslu,

en þar liggja mörg ónýtt tækifæri. Við þurfum að fullvinna allar vörur til útflutnings og hámarka þannig virði þeirra, og hef ég þegar sýnt fram á að það er hægt.

Allt það sem þú heyrir hefur áhrif á það sem þú gerir. Þess vegna segi ég við ykkur sem eigið ykkur draum. Verið bjartsýn og hugsid: "Mér mun takast að ná markmiði mínu."

Elinóra Inga Sigurðardóttir  
Ég bið um stuðning þinn í 1. til 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Elinóra Inga Sigurðardóttir.

Nýtt í fjarþjálfun  
Íslenskt fjarþjálfunarforrit

- Skráðu þig inn hvar og hvernær sem er  
- Fáðu aðhald og hvatningu í ræktinni og matarræði  
- Náðu markmiðunum þínum

Fjarþjálfun í 6 mánuði  
Aðeins: **BETRAFORM.IS**  
24.990 kr.

Arnór L. Pálsson  
framkvæmdastjóriÍsleifur Jónsson  
útfarastjóriFrímenn Andrésen  
útfararþjónustaSvafar Magnússon  
útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST

Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónustaGuðmundur Baldvinsson  
útfararþjónustaÞorsteinn Elísson  
útfararþjónustaEllert Ingason  
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

## Höldum þjóðfund

Efnahagskerfið hrundi af mannavöldum því er boðað til kosninga á miðju kjörímabili. Þess vegna þarf líka að athuga undirstöðuna að öllu stjórnkerfinu. Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að stjórnskipunin leiði til samtyggingar stjórnmálamanna. Leiðin til að rjúfa hana er að breyta grundvallarreglunum, stjórnarskránni.

Hér á landi ríkir ráðherraræði. Það er málskrúð að kalla það þingræði. Þingið fjallar varla um nokkuð annað en það sem ráðherrarinn leggja til. Tillögunni, sem ég var fyrsti flutningsmaður að á Alþingi um afnám eftilana-ósómans, var vísað til nefndar. Þar fékk hún að dúsa heilt þing án þess að vera svo mikið sem tekin

á dagskrá.

Hvernig gat það verið? Var það ekki í stjórnsáttmálanum að afnema ósómann? Jú, vissulega, en málið var í höndum formanna stjórnarflokkana. Hér ríkir sem sagt formannaræði en ekki ráðherraræði hvað þá þingræði. Þessu þarf að breyta með því að aðskilja löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið. Ríkisstjórnin á að framkvæma það sem Alþingi ákveður. Þingið á hvorki að vera afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórnina né formennina.

Til að breyta þessu þarf að setja nýja stjórnarskrá. Stofna nýtt lýðveldi, eins og sumir orða það. Halda þarf stjórnlagabing – þjóðfund – sem fjallar um þær leiðir sem fara má til að ná mark-

miðinu. Þetta er forsenda endurreisnar trausts fólksins til þeirra sem bera ábyrgð á stjórn landsins. Þessu ætla ég að berjast fyrir komist ég á þing. Til þess að geta tekið þátt í þessari baráttu hef ég boðið mig fram í eitt af fjórum efstu sætum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Valgerður Bjarnadóttir



Valgerður Bjarnadóttir.

## Fyrirhyggja, festa og framfarir

Breiðholtið hefur verið hverfið mitt frá árinu 2002. Með hverju árinu sem líður hefur mér þótt æ vænna um það og fólkið sem í því býr. Þess vegna hef ég undanfarin ár lagt mitt af mörkum til að gera gott hverfi enn betra. Með þátttöku minni í stjórn og stjórnarstarfi Íbúasamtakanna Betra Breiðholt hefur mér hlotist sá heiður að starfa með hópi íbúa hverfisins að margs konar hugmyndavinnu og verkefnum til að beturbæta hverfið. Að bæta ímynd Breiðholtsins hefur verið ofarlega á forgangslista okkar vegna þess að enn vottar fyrir fordómum í garð Breiðholtsins og íbúa þess. Síðast en ekki síst hafa sjónir beinst að þáttum sem stuðlað geta að bættu öryggi íbúanna.

Ég hef nú ákveðið að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðismanna til Alþingiskosninga sem fram fer 13. og 14. mars næstkomandi og gefa kost á mér í 4.-5. sæti. Ástæðan fyrir þátttöku minni er löngun mín

til að vinna fyrir heildina. Þjóðin hefur gengið í gegnum hremmingar að undanfögnu. Framundan eru erfiðir tímar fyrir fjölmarga einstaklinga og fjölskyldur. Þeir sem hafa orðið verst úti vegna efnahagshruns þjóðarinnar þurfa aðstoð og aðhlyningu. Á komandi misserum fara í hönd tímar uppbyggingar og endurreisnar sem aldrei fyrr. Koma þarf hjólum atvinnulífsins af stað hið fyrsta svo forða megji sem flestum frá gjaldþroti. Óvenjulegar aðstæður eins og nú kalla á víðtæka endurskoðun á fjölmörgum sviðum hvort heldur innanlands eða sem varða tengsl þjóðarinnar við alþjóðasamfélagið. Áfram viljum við geta búið í samfélagi þar sem við getum gengið að ákveðinni grunnþjónustu sem visri án tillits til efnahags og búsetu. Það er aðeins mögulegt með því að hafa fyrirhyggju, sveigjanleika og hagnæmni í rekstri að leiðarljósi svo ekki þurfi að leggja frekari byrðar á skattgreiðendur.

Af langri reynslu sem sálfræðingur tel ég mig geta komið að gagni í þeirri uppbyggingu sem framundan er. Hugmyndafræði mín um verklag gengur út á að heyra hvað fólk er að segja, greina og meta aðstæður, alla upplýsinga og leita samráðs hjá lærðum sem og leikmönnum. Með framboði mínu í komandi prófkjöri langar mig að styrkja stóðir Sjálfstæðisflokksins með nýjum sjónarhornum og í krafti stefnu hans vil ég leggja mitt af mörkum til að vinna þjóðinni gagn.



Kolbrún Baldursdóttir.

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur.

## Breyttir tímar

Þegar ég var að alast upp í Reykjavík voru engir auðmenn til, það voru til menn sem höfðu það betur en flestir, en voru ekki auðmenn. Þá voru lyfsalar, skipstjórar og Þorvaldur í Síld og Fisk skattakóngar. Ævinlega lýsti Þorvaldur því yfir að hann væri stoltur af því að greiða sína skatta til samfélagsins. Þessir menn hefðu aldrei látið sér dreyma um að ferðast á þyrlu út í sjoppu til að fá sér kók og pylsu, þeir báru meiri virðingu fyrir náunganum en svo. Hér ríkti samkennd og öfund var af skornum skammti, en eðlilegum. Um þessu líkt er hægt að rita langt mál, en í stuttu máli þá sakna ég margra gilda úr gamla tímanum.

Við höfðum það kannski ekki eins gott en hér bjó samrýmd og stolt þjóð.

Þegar svo staðan er orðin eins og hún er í dag í íslensku samfélagi að græðgi er orðið það sem allt snýst um, einstaklingar og heimili ramba á barmi gjaldþrots með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fjölskyldur og börn og orðstýr okkar er ekki mikill erlendis, þá er ljóst að nýjan kúrs þarf að taka.

Ég er reiðubúinn að takast á við það mikla verkefni sem bíður okkar að endurreisa Ísland, fái ég tækifæri til, en til þess að svo

megi verða þarfnast ég stuðnings þíns í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem fram fer 13. og 14. mars.



Ingi Björn Albertsson.

Væri þér þakklátur fyrir öruggt sæti.

Kær kveðja í Breiðholtið,

Ingi Björn Albertsson.

## Lið Hólabrekkuskóla hverfismeistari

Lið Hólabrekkuskóla varð hverfismeistari í "Nema hvað" í borgarhluta þrjú en keppnin fór fram fram 27. janúar sl. Spurningalið skólans keppti við Ingunnarskóla og var viður eignin mjög spennandi. Nemendur Hólabrekkuskóla sigruðu með 17 stigum gegn 10 og tryggðu sér þar með hverfismeistaratitilinn og sæti í undanúrslitum keppinnar.

Liðið var skipað þeim Birki Björnssyni, Herði B. Halldórssyni og Stefni Sveinssyni, nemendum í 8., 9. og 10. bekk. Þjálfarar voru Kristbjörn H. Björnsson og Úlfur Einarsson. Þeir Stefnir og Birkir eru í 8. og 9. bekk og verða því gjaldgengir í keppnina að ári. Birkir var hins vegar að ljúka ferli sínum í keppninni en hann hefur keppt við góðan orðstír undanfarin þrjú ár og var m.a. í sigurliði skólans fyrir tveimur árum.



Verðlaunagripur hverfismeistaranna í Hólabrekkuskóla.

kammakarlo<sup>®</sup> ÚTSALAN að klárast  
copenhagen

40%  
50%  
70%

ÚTSALAN

Bæjarlind 12 :: www.kammakarlo.is

## VEIÐIKORTIÐ

31 vatnasvæði vítt og breitt um landið fyrir aðeins 6000 krónur

Þú ákveður svo hvar og hvenær þú veiðir

veidikortid.is

Hver segir að það sé dýrt að veiða?

Handbók með ítarlegum upplýsingum og veiðikortum fylgir. Fæst hjá N1, í veiðivöruslunum og á www.veidikortid.is

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:  
511 1188 & 895 8298  
borgarblod.is

FERMINGARTILBOÐ

EFNALAUGIN BJÖRG MJÓDD  
Stofnað 1953

20% AFSLÁTTUR AF ALLRI HREINSUN ÚT MARS

ÁLFABAKKI 12. MJÓDD - 5572400 - WWW.BJORG.IS

HYSIR.IS

Bjöllu- og dyrasímaþjónusta

Öll almenn rafvirkjavinna

Gestur Arnarson  
rafvirkjameistari  
Sími: 551-9637 • Gsm: 893 2329

# Gallery fiskur með veitingastað í Gerðubergi



Gallery fiskur hefur tekið við veitingarekstri í Gerðubergi en fyrirtækið rekur veitingahús með alhliða veisluþjónustu auk fiskbúðar að Nethyl í Reykjavík. Í Gerðubergi mun Gallery fiskur bjóða upp á alhliða veitingar fyrir gesti og gangandi og viðskiptavini hússins.

Í hádeginu er boðið upp á súpu og heita rétti auk þess sem boðið er upp á úrvals kaffi og gott meðlæti. Matseðil vikunnar verður hægt að nálgast á heimasíðu Gerðubergs [www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is) og einnig er hægt að skrá sig á póstlista og fá matseðilinn sendan vikulega í tölvupósti. Ánægjulegt er fyrir þá mörgu sem leggja leið sína í Gerðuberg, hvort sem til þess að njóta sýn-

inga og annarra menningarviðburða sem menningarmiðstöðin stendur fyrir, eiga samskipti við Borgarbókasafnið eða að taka þátt í félagsstarfinu í Gerðubergi og starfsemi Alþjóðahúss að veitingahúsið hefur opnað að nýju. Einnig má benda Breiðhyllingum á að þetta er í raun eina veitingastarfsemin í öllu hverfinu utan Mjóddarinnar auk þess sem Gerðuberg er staðsett í mjög fjölförnu umhverfi. Á meðal stofnana í nágrenninu má nefna Breiðholtslaug, Fjölbrotaskólann í Breiðholti, Heilsugæsluna í Efra Breiðholti, Félagssvæði Leiknis, Fella- og Hólakirkju og verslunarmiðstöðina Hólagarö litlu ofar í hæðinni.

## Við eigum mikla von

Breytingar eru framundan í íslensku samfélagi. Leiðarljósin í þeim breytingum þurfa, að mínu mati, að vera heiðarleiki, traust, reynsla og von. Við þurfum heiðarleika í öllu þjóðlífinu, jafnt í stjórn málu, viðskiptum sem annars staðar. Við þurfum að endurvekja traust til að öll samskipti, þar með talin viðskipti, verði eðlileg á ný. Við verðum að nýta reynsluna til að endurtaka ekki mistök fyrri ára, tryggja réttlæti og gagnsæi. Síðast en ekki síst þurfum við von til að komast út úr erfiðleikum sem við glíum hér við. Ég tel þjóðina eiga óvenjulega góða von um að það gerist hratt. Við megum ekki gleyma því að þó

að við göngum nú í gegnum erfiðleika er hjart framundan. Íslendingar eiga mikinn mannaúð og verðmætar náttúruauðlindir sem eru góð undirstaða til framtíðar.

Við eigum aldrei að setta okkur við atvinnuleysi. Leggja þarf alla áherslu á að vextir lækki og að bankarnir verði styrktir þannig af hinu opinbera að þeir geti veitt fyrirtækjum eðlilega og öfluga fyrirtækisla. Þau verða að hafa aðgang að lánsfé á viðráðanlegum kjörum til að geta endurráðið fólk og skapað ný störf. Atvinna er undirstaða velferðar fjölskyldanna. Atvinnulífið stendur auk þess undir því að hægt sé að veita þá samfélagslegu þjónustu sem

okkur finnst sjálfsgagt að veita þeim sem á þurfa að halda. Atvinnumálin eru forgangsmál.

*Höfundur er fyrrverandi framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðisflokks og aðstoðarmaður forsætisráðherra og sækist eftir 4. sæti í prófkjöri sjálfstæðisflokksins.*



Gréta Ingbórsdóttir.

## Kæru Breiðholtsbúar

Ég er að gefa kost á mér í 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í prófkjörinu sem haldið verður hér í Reykjavík 13. og 14. mars. Ég er með opna kosningaskrifstofu í Glæsibæ alla virka daga 17 til 20 og 13 til 18 um helgar.

Það skiptir miklu máli að Sjálfstæðisflokkurinn verði við stjórnvölinn eftir kosningar í vor. Öflugt atvinnulíf og traust efnahagsástand er nauðsynleg forsenda fyrir aukinni farsæld þjóðarinnar. Mikilvægt er að efla undirstöður atvinnulífsins með framsækinni atvinnustefnu og ábyrgri fjármála-stjórn. Við verðum að tryggja óskoruð réttindi yfir auðlindum okkar með hagsmunum þjóðarinnar að leiðarljósi. Krafan um endurnýjun á Alþingi er hávær og réttmæt þó mikilvægt sé að nýta þá reynslu sem fyrir er. Þetta verður að sameina. Þjóðin verður að standa þétt saman um að vinna

sig út úr því ástandi sem nú ríkir. Djörfung og framsýni á að ráða ferðinni inn í framtíðina.

### Verkin tala

Þau ár sem ég verið í forystu-sveit í borginni hefur mögum góðum málu verið hrint í framkvæmd. Heimahjúkrun og heimaþjónusta í Reykjavík var sameinuð og eflað og málefni geðfatlaðra voru flutt til borgarinnar. Niðurgreiðslu í félagslega íbúðakerfinu var breytt í einstaklingsbundinn stuðning við greiðslu leigu og tekið á málefnum utangarðsfólks með sérstakri uppbyggingu. Stóratæk var gert í byggingu öryggis- og þjónustubúða fyrir eldri borgara. Reynsla mín af setu í borgarstjórn Reykjavíkur, m.a. sem formaður Velferðarráðs og stýrihóps um uppbyggingu búsetuurræða fyrir eldri borgara mun nýtast mér

vel í störfum mínum á Alþingi. Það er til fyrirmyndar hvernig við höfum tekið höndum saman í borgarstjórn Reykjavíkur undanfarna mánuði við lausn þeirra erfiðu verkefna sem við erum að takast á við. Ég vil flytja þá reynslu með mér inn í landsmálin. Nú skiptir mestu að við sameinumst um að velja samhentan og sigurstranglegan lista. Þess vegna sækist ég eftir 2. sætinu í prófkjörinu framundan.

Jórunn Frímansdóttir.



Jórunn Frímansdóttir.

## Úrlausnir í öldrunarþjónustu

Öldruðum einstaklingum er að fjölga til muna í samfélaginu. Það er mjög ánægjulegt að heilbrigðis-kerfið er að bæta heilbrigðisþjónustuna fyrir þann hóp einstaklinga. Staðreyndin er að með betri, skilvirkari heilbrigðisþjónustu bætast lífsgæði og lengist líftími einstaklinga. Fólk er lengur virkt í starfi sem og í samfélaginu í heild.

Þegar heilsan bregst þurfa einstaklingar á aðstoð okkar að halda. En hvernig getum við þá aðstoðað aldraða einstaklingana sem þurfa á heimaþjónustu að halda?

Ef fólk veikist alvarlega leggst það inn á sjúkrahús. Fólk batnar og útskrifast og fer síðan heim. En fyrstu dagarnir eftir að heim er komið eru oftast frekar erfiðir, sjúklingar eru enn slappir og

þreyttir eftir minnstu áreynslu, úthald er frekar lítið eftir veikindi og lyfjagjöf. Oftast er lyfjameðferðinni haldið áfram heima eftir útskrift, sem og umbúðaskipti á sárum. Þar kemur heimahjúkrun sterk inn til aðstoðar til þess að fylgja þessum einstaklingum eftir með umönnum. Því miður er þessi þjónusta oft takmörkuð vegna skorts á starfsfólki og fjármangi. Það þarf því að efla heimaþjónustuna til muna þannig að hún sé aðgengileg fyrir alla og létti undir með heilbrigðiskerfinu. Til þess að ná fram nægu framboði af þjónustu tel ég að það verði best gert með nauðsynlegum skipulagsbreytingum og hagræðingu þannig að mannaflinn sem til umráða er nýttist sem best í heilbrigðiskerfinu. Það liggur í

augum uppi að það er lágmarks réttlæti hvers einstaklings að fá nauðsynlega þjónustu þegar á bjátar hvort sem það er heima við eða á heilbrigðisstofnun. Öryggi skiptir mestu máli fyrir einstaklinga á batavegi og fjölskyldur þeirra.

*Grazyna Maria Okuiewska hjúkrunarfræðingur og sækist eftir 5.-6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir alþingiskosningarnar.*



Grazyna Maria Okuiewska.

## Sjálfstæðisstefnan er svarið

Mikil óvissa er nú uppi og engin getur sagt nákvæmlega fyrir um allt það sem við eigum í vændum. En sumt vitum við þó. Hvort sem staðan verður betri eða verri en við höldum og hvort sem við verðum í betri eða verri stöðu en nágrennaþjóðir okkar þá er eitt víst: Réttu viðbrögðin okkar eru að efla einstaklingsframtakið og byrja umsvifalaust að skapa umhverfi sem gerir nýsköpun og verðmæta-sköpun mögulega.

Síðustu ár hafa einkennst af miklum pappírsgróða og óskhyggju. Fólk hefur efnað án fyrirhafnar og uppskorið margfalt umfram það sem sáð var til. Slíkt fyrirkomulag gat auðvitað ekki gengið upp til lengdar. Sjálfstæðisstefnan felur ekki í sér að menn geti fyrirhafnarlaust orðið ofsarikir heldur felur hún í sér að dugnaður, hugmynda-

auði og atorka eigi að skila sér til þeirra sem mest leggja af mörkum.

Nú þarf að bretta upp ermarnar. Sjálfstæðisstefnan byggist á virðingu fyrir einstaklingnum og einkaframtakinu og í augum okkar sjálfstæðisflokks er hlutverk stjórn-málanna að búa til umgjörð sem hvetur einstaklingana til dáða. Nú skiptir öllu máli að tryggja að Ísland sé bæði opið og frjálst. Afnema þarf gjaldeyrishöft sem fyrst og tryggja að peningamála-stefna og gjaldmiðill sé ekki frekari viðskiptahindrun, best væri að taka sem fyrst upp notkun Bandaríkjadals og binda þar með endi á tilraunina um íslensku krónuna. Við þurfum að koma bönkunum aftur í starfhæft ástand og í dreifða einkaægi sem fyrst. Best væri ef inn á íslenska bankamarkaðinn kæmu alþjóðlegir bankar í sam-

keppni við þá íslensku. Gæta þarf að því að fyrirtæki sem lent hafa í höndum ríkisins fari strax aftur í hendur einkaaðila og fyrir alla muni má sú staða ekki koma upp að um allt samfélag þurfi einkafyrirtæki að keppa við opinber fyrirtæki. Þetta þarf þjóðin að fylkja sér um - og þessum sjónarmiðum þarf Sjálfstæðisflokkurinn að tala fyrir.

*Þórlindur Kjartansson óskar eftir stuðningi í 4. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*



Þórlindur Kjartansson.

# Hjá Eddu

## Fótaaðgerðastofa

S. 561 2025 & 8 200 593

Hef flutt fótaaðgerðastofu mína frá Hverfisgötu 61, 101 Rvík. að Hléskógum 16, 109 Breiðholti.



[borgarblod.is](http://borgarblod.is)



Sími: 588 9705  
[www.skautaholl.is](http://www.skautaholl.is)

#### Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.  
12:00 til 15:00

Fimmtudaga  
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga  
13:00 til 20:00

Laugardaga og Sunnudaga  
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags  
10:00 til 15:00

# Heilsuátak í fullum gangi

Heilsuátak ÍR fer vel af stað. Á dögunum mættu milli 20 og 30 manns í heilsu- og líkamsmælingar í ÍR-heimilið fólki að kostnaðarlausu. Margrét hjúkrunarfræðingur og formaður Frjálsíþróttadeildar ÍR og Ingi Björg íþróttfræðingur og markaðsfulltrúi ÍR stóðu að mælingunni. Almenn ánægja var með þetta framtak ÍR.

Á þriðjudögum hafa svo vaskir göngugarpar tekið göngutúr um hverfið. Knattspyrnuáhugamenn og konur og horfðu á Meistaradeildina í síðustu viku og var mikil stemming og hvöttu menn sín lið. Við bjóðum fólki til þess að koma til okkar á morgnanna og nýta sér aðstöðu okkar þ.e. íþróttasal o.þ.h. Við hvetjum alla til þess að kíkja inná heimasíðu



Mynd tekin þegar Real Madrid og Liverpool áttust við.

ÍR [www.irsida.is](http://www.irsida.is) til þess að sjá ásamt öðrum upplýsingum um hvað er í boði í Heilsuátakinu starf félagsins.

## Samið við Gáska sjúkráþjálfun

ÍR skrifaði undir samstarfs-samning við Gáska sjúkráþjálfun í lok febrúar. Áður hafði Barna- og unglíngaráð Knattspyrnu- deildar ÍR og Gáska ehf. gert með sér sérstakan samning og um leið haldið fræðsluerindi þar sem iðkendur, þjálfurum og for- eldru hefur m.a. verið kennt að nota tape.

Sveinn Sveinsson, framkvæmdastjóri Gáska og Hörður Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri ÍR staðfestu nú samstarf sem nær til flestra deilda félagsins. Þjónusta Gáska snýr að þeim iðkendur ÍR sem þurfa á meðferð að halda og hafa verið samþykktar af stjórn viðkomandi deildar. Deildirnar byrja á að senda valda iðk- endur til að greina vandamálið í stoðkerfinu, síðan hefst meðferð og fræðsla og sérstakar mælingar ef þess er óskað. Sjúkráþjálfari viðkomandi mun veita þjálfara



Sveinn og Hörður takast í hendur að undirrituninni lokinni.

nákvæmar upplýsingar um stöðu sjúklings. Fyrir í vetur opnaði Gáska sína aðra stofu sem stað- sett er í Þönglabakka 1 í okkar

hverfi. Þetta samstarf kemur vonandi deildum félagsins vel og um leið beinum við viðskiptum okkar að fyrirtæki í okkar hverfi.

## Meistaramót Íslands 35+

ÍR-ingar áttu að sjálfsögðu öflugan íþróttamann á Meistaramóti Íslands í flokkum 35 ára og eldri sem fram fór í Laugar- dalshöllinni helgina 14. til 15. febrúar sl.

Á þessu móti varð ljóst að það er ekki aðeins unga fólkið úr röðum ÍR-inga sem eru að standa sig vel, heldur lönduðu eldri iðkendur alls 18 Íslandsmeistararitlum, 2 silfverðlaunum og 1 bronsverðlaunum. Alls tóku 40 keppendur þátt í mótnu.

Árangur ÍR-inganna varð sem



hér segir: Hafsteinn Óskarsson sigraði í 60 m, 200 m, 400 m, 800

m hlaupi og kúluvarpi. Halldór Matthíasson sigraði í 200 m, þrístökki og stangarstökki. Sumar- lliði Óskarsson varð 2. í 800 m og 3. í 3000 m. Jón H. Magnússon sigraði í kúluvarpi og lóðkasti. Sigurjón Sigurbjörnsson sigraði í 3000 m hlaupi og varð 3. í 800 m. Björgvin Þór Hólm sigraði í kúluvarpi og í 3. sæti í langstökki. Elías Sveinsson sigraði í kúluvarpi og lóðkasti. Jón Þ. Ólafsson sig- raði í kúluvarpi og Fríða Rún Þórð- ardóttir sigraði í 400 m, 800 m og 3000 m hlaupi.

## Þrjú Íslandsmet í boðhlaupi

Þrjú Íslandsmet voru sett af ÍR-ingum í Bikarkeppni FRÍ. Boð- hlaupssveit ÍR-karla í 4x400 m setti Íslandsmet í unglíngaflokki 19 til 20 ára þegar þeir hlupu á tímanum 3:23,76 mín. Gamla metið var 3:24,05 mín. og var í eigu Fjölnis.

Sveit ÍR skipuðu Börkur Smári Kristinsson, Ólafur Konráð Albertsson, Adam Þorgeirsson og Snorri Sigurðsson. Einnig var sett meyjamet 15 til 16 ára í 4x400 m boðhlaupi en þar hlupu þær Arna Stefánía Guðmundsdóttir, Vera Sigurðardóttir, Kristín Líf

Jónsdóttir og Heiður Þórisdóttir, tíminn þeirra var 4:14,18 mín. Að lokum var það telplamet í flokki 13 til 14 ára sem Aníta Hinriks- dóttir setti í 1500 m hlaupi en hún hljóp á 4:51,10 mín. og bætti sig um heilar fimm sekúndur.

## Lögðu sig 110% fram

ÍR-ingar áttu titil að verja síðan í fyrra í 3. bikarkeppni FRÍ innan- hús sem fram fór þann 21. febrúar og kepptu þar á móti Breiðablik, FH, Fjölnir/Árman, HSK og lið Norðurlands (HSP/UFA/UMSE/UMSS).

Hörku keppni var í öllum greinum Bikarkeppninnar nú og voru úrslitin ekki ljós fyrir en á allra síðustu grein,

sem var 4x400 m boðhlaupi karla þar sem allir lögðu sig 110% fram við að reyna að verða sem næst FH í hlaupinu en vitað var fyrirfram að slíkt þurfti til. Allt ÍR liðið lagði sig 100% fram og uppskar "bætingar" og "ársbesta" samhliða því að hala inn fjölda stiga fyrir liðið. Jóhanna Ingadóttir kom gífurlega ákveðin til leiks og vantaði aðeins fjóra cm.

upp á að ná að setja glæsilegt nýtt Íslandsmet í þrístökki en hún stökk 12,80 m sem var bætingar já henni um 35 cm. Aníta Hinriksdóttir stóð sig einnig frábærlega þegar hún hljóp 1500m á 4:51 mín, bætti sig um fimm sekúndur og varð í 3. sæti í hlaupinu. ÍR-A konur stóðu uppi sem sigurvegarar eins og svo oft áður en þær fengu alls 65,5 stig.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Myndsími: 587 7081  
Tölvupóstur: [iradal@isholf.is](mailto:iradal@isholf.is)  
Heimasíða: [irsida.is](http://irsida.is)



Á myndinni eru f.v. Jóhanna Guðrún Jóhannsdóttir, Ævar Þór Helgason, Aníta Lóa Hauksdóttir, Pétur Fannar Gunnarsson, Júlíana Borg Stefánsdóttir og Bjarni Sævar Sveinsson.

## Aníta Lóa og Pétur Fannar Kaupmannahafnarmeistarar

Aníta Lóa Hauksdóttir og Pétur Fannar Gunnarsson Kaupmannahafnarmeistarar í combi 2009 en það er þriðja árið í röð sem þau ná þessum stórkostlega árangri hjá þessu unga pari en þau eru bæði á 11. ári. Jafnframt unnu Aníta Lóa og Pétur Fannar keppni í latin dónsum og urðu í öðru sæti í standard dónsum í juvenile flokki.

Bjarni Sævar og Júlíana Borg fóru í undanúrslit í combi, latin og standard dónsum. Jóhanna Guð-

rún og Ævar Þór kepptu í juvenile og einnig í juvenile I. Í juvenile I lentu þau í 5. sæti í standard og í 4. sæti latin. Þrjú þör frá Dansdeild ÍR fóru til Kaupmannahafnar helgina 13. til 15. febrúar s.l. og náðu þar mjög góðum árangri. Þörin sem um ræðir eru Pétur Fannar Gunnarsson og Aníta Lóa Hauksdóttir, Bjarni Sævar Sveinsson og Júlíana Borg Stefánsdóttir og Ævar Þór Helgason og Jóhanna Guðrún Jóhannsdóttir.

## Íþróttamannvirki kynnt

Þann 17. febrúar sl. fór fram kynning á væntanlegu íþróttamannvirki okkar ÍR-inga. Þá gafst Breiðhyllingum sem og öðrum tækifæri til þess að skoða hvaða tillaga hafi unnið í samkeppninni um hvers konar mannvirki yrði byggt. Það voru ASK arkitektar sem unnu þessa samkeppni og sáu jafnframt um kynninguna hér í ÍR-heimilinu.

Mikil og góð umræða var eftir kynninguna og er greinilegt að fólk bíður spennt eftir því að fá hér íþróttahús sem sinnir þörfum okkar ÍR-inga. Ekki er komið á hreint hvenær framkvæmdir hefjast en hönnunartíminn er í fullum gangi.



Inná heimasíðu ÍR má sjá vinn- ingstillöguna.

## Landsbankasamningurinn endurnýjaður

Á dögunum endurnýjuðu ÍR og Landsbanki Íslands saming til tveggja ára. "Gamla" samningnum var sagt upp fyrir áramót en það var vilji Landsbankans að endursejja við ÍR.

Þessi samningur nær til flestra deilda félagsins og erum við afar þakklát fyrir að Landsbankinn hafi séð hag í því að semja við ÍR. Þetta staðfestir að fyrirtæki

eru farin að sjá sóknarfæri í því sem ÍR er að gera. Við hlökkum til þessa samstarfs og hvetjum alla iðkendur sem og aðra ÍR-inga að nýta sér þjónustu Landsbankans. Það voru þeir Hörður Heiðar Guðbjörnsson framkvæmdastjóri og Úlfar Steindórsson formaður sem undirrituðu samninginn fyrir hönd ÍR.



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109

# OPIÐ

ALLAN sólarhringinn

ALLTAF í Skeifunni



**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*